




Greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta

Við framlagningu árshlutareiknings
Reykjavíkurborgar janúar – júní 2019

Lagt fram í borgarráði
29. ágúst 2019

1. Aðalsjóður	2
1.1 Íþróttta- og tómstundasvið	5
1.2 Menningar- og ferðamálasvið	7
1.3 Skóla- og frístundasvið	9
1.4 Umhverfis- og skipulagssvið	18
1.5 Velferðarsvið	20
1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir	23
1.6 Miðlæg stjórnsýsla	25
1.7 Sameiginlegur kostnaður	26
1.8 Framlög til B-hluta fyrirtækja	27
2. Eignasjóður	28
2.1 Fjárfestingar Eignasjóðs	31
2.2 Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar (SEA)	32
2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)	33
4. Greining vöru- og þjónustuinnkaupa A-hluta	34
5. Lykiltölur mannauðs	37
6. Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun	39
7. Innheimtuárangur Aðalsjóðs	40

1. Aðalsjóður



Rekstur Aðalsjóðs (í m.kr.)	Raun 2019_06	Áætlun	Frávik	%	Raun 2018_06	Breyting	%
Staðgreiðsla	42.152	42.153	-2	0,0%	39.916	2.236	5,6%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-5.109	-5.110	0	0,0%	-4.838	-271	5,6%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	2.019	2.618	-599	-22,9%	1.551	469	30,2%
Nettó útsvar	39.062	39.662	-600	-1,5%	36.628	2.434	6,6%
Fasteignaskattar	11.558	11.821	-263	-2,2%	10.023	1.536	15,3%
Skatttekjur samtals	50.620	51.483	-863	-1,7%	46.651	3.969	8,5%
Endurgeiðslur annarra:							
Gr. frá ríkissjóði v. heimahjúkrunar	779	805	-26	-3,2%	689	91	13,2%
Gr. frá ríkissjóði v. þjónustu við hælisleitendur	318	301	17	5,6%	320	-2	-0,6%
Uppgjör sveitarfélaga vegna skólakostn.	386	353	33	9,2%	363	23	6,2%
Gr. sveitarf. v. rekstur skíðasvæða höfuðb.sv.	173	173	0	0,0%	168	5	2,9%
Aðrar greiðslur frá ríki og sveitarfélögum	94	213	-119	-55,8%	281	-187	-66,6%
Ýmsir styrkir	214	24	190	780,0%	199	16	7,9%
Endurgeiðslur annarra samtals:	1.964	1.869	95	5,1%	2.019	-55	-2,7%
Framlög Jöfnunarsjóðs	3.653	3.698	-44	-1,2%	3.542	111	3,1%
Þjónustutekjur	5.211	5.006	206	4,1%	5.052	160	3,2%
Eignatekjur	294	259	36	13,8%	327	-32	-9,9%
Aðrar tekjur	1.041	926	115	12,4%	1.375	-334	-24,3%
Rekstrartekjur samtals	62.783	63.240	-456	-0,7%	58.965	3.818	6,5%
Laun og launatengd gjöld án gjaldfærslu v. uppgjors við Brú Isj.	-32.234	-31.984	-250	0,8%	-29.822	-2.412	8,1%
Gjaldfærsla áfallinna lífeyrisskuldb. vegna uppgjors við Brú Isj.	-192	-196	4	-1,9%	-194	2	n/a
Laun og launatengd gjöld	-32.426	-32.180	-246	0,8%	-30.016	-2.410	8,0%
Hækkun lífeyrisskuldbindingar LsRb	-2.350	-1.875	-475	25,3%	-2.500	150	-6,0%
Launakostnaður samtals	-34.776	-34.055	-721	2,1%	-32.516	-2.260	7,0%
Annar rekstrarkostnaður	-31.501	-31.881	380	-1,2%	-29.340	-2.162	7,4%
Rekstrargjöld samtals	-66.277	-65.936	-341	0,5%	-61.855	-4.422	7,1%
Fjármagnsliðir	2.481	2.268	213	9,4%	1.813	668	36,9%
EBITDA	-3.494	-2.696	-798	29,6%	-2.890	-603	20,9%
Rekstrarniðurstaða	-1.013	-427	-585	136,9%	-1.078	65	-6,0%

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 1.013 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 427 m.kr. og var niðurstaðan því um 585 m.kr. lakari en áætlað var.

Rekstrartekjur Staðgreiðsla var tæpum 2 m.kr. undir áætlun eða 0,1%. **Eftirá álagt útsvar, skattbreytingar og niðurfærslur skatttekna** voru 599 m.kr. undir áætlun eða 23%. **Þjónustutekjur** voru 206 m.kr. yfir áætlun eða 4% en helsta frávikið var í tekjum bílastæðasjóðs sem voru 168 m.kr. yfir áætlun. **Aðrar tekjur** voru 115 m.kr. yfir áætlun eða 12%.



Rekstrargjöld voru 66.277 m.kr. eða 341 m.kr. yfir fjárheimildum. **Launakostnaður** án gjaldfærslu v. uppgjörs við Brú lífeyrissjóð og án gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar við LsRb var 32.234 m.kr. eða 250 m.kr. yfir fjárheimildum. **Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar** vegna LsRb nam 2.350 m.kr. sem var 475 m.kr. yfir áætlun eða 25%. Við ákvörðun gjaldfærslu er tekið mið af væntingum um að lífeyrisskuldbindingin hækki um 4,7 ma.kr. á árinu 2019 í stað áður áætlaðra 3,8 ma.kr. Frávikið má rekja til þess að útlit er fyrir að ávöxtunarkrafa HFF34-flokksins verði lægri en gert hafði verið ráð fyrir og hefur það áhrif til lækkunar á virði Landsvirkjunarbréfa sjóðsins og þar með til hækkunar á gjaldfærslunni. Á móti er útlit fyrir að launahækkunir ársins verði lægri en gert hafði verið ráð fyrir sem hefur áhrif til lækkunar á gjaldfærslunni. Gjaldfærsla áfallinna lífeyrisskuldbindinga vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð nam 192 m.kr. eða 4 m.kr. undir áætlun.

Annar rekstrarkostnaður var 31.501 m.kr. eða 380 m.kr. innan fjárheimilda¹. Þar af var innri leiga var 7.810 m.kr. og var 12 m.kr. undir áætlun eða 0,2%.


Nettó fjármunatekjur voru 2.481 m.kr. eða 213 m.kr. yfir áætlun. Þar af voru vaxtatekjur og verðbætur 476 m.kr. yfir áætlun, arður af eignahlutum var 335 m.kr. undir áætlun en arðgreiðslur eru seinna á ferðinni en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur af ábyrgðargjaldi voru 24 m.kr. yfir áætlun.

¹ Sjá nánar umfjöllun á hverju sviði fyrir sig.

Efnahagur


Efnahagur Aðalsjóðs (m.kr.)	30.6.2019	31.12.2018	Breyting	%
Langtímakröfur og eignahlutir í félögum	53.567	51.073	2.494	4,9%
Fyrirframgr. til Brúar Isj. (langtíma krafa)	9.810	10.002	-192	-1,9%
Veltufjármunir án handb.fjár	17.973	14.869	3.103	20,9%
Handbært fé	13.252	10.040	3.212	32,0%
Eignir samtals	94.602	85.984	8.618	10,0%
Eigið fé	23.655	24.667	-1.013	-4,1%
Lífeyrisskuldbinding LsRb	36.728	35.642	1.086	3,0%
Langtímalán	4.792	4.781	11	0,2%
Næsta árs afborganir langtímalána og lífeyrisskuldbindingar	2.619	2.618	1	0,1%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	26.808	18.276	8.532	46,7%
Skuldir samtals	70.947	61.317	9.630	15,7%
Skuldir og eigið fé samtals	94.602	85.984	8.618	10,0%

Sjóðstreymi



Aukningu handbærs fjár á tímabilinu má að hluta rekja til lántöku Eignasjóðs sem var fyrr ár ferðinni en áætlað var vegna hagstæðra skilyrða á markaði en Aðalsjóður annast ávöxtun peningalegra eigna Eignarsjóðs.


1.1 Íþróttta- og tómstundasvið



Rekstur ÍTR (m.kr.)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Tekjur	1.083	934	149	15,9%
Laun og launat. gj.	1.295	1.246	49	3,9%
Annar rekstrark.	4.122	4.094	28	0,7%
Nettó útgjöld	4.333	4.405	-72	-1,6%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri íþróttta- og tómstundasviðs fyrir tímabilið janúar til júní 2019 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 4.333 m.kr. sem var 72 m.kr. eða 1,6% undir fjárheimildum.



Þjónustubættir ÍTR

Málaflokkar ÍTR (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2019	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2019	Frávik	Annar kosntaður	Áætlun 2019	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2019	Frávik	%
Styrkir	37	23	14	0	0	0	2.036	2.090	-53	1.999	2.066	-67	-3,3%
Sundlaugar	543	486	57	632	585	47	710	706	4	799	805	-5	-0,7%
Skíðasvæðin	333	291	42	144	142	2	242	191	51	53	42	11	26,7%
Frístundakort	0	0	0	0	0	0	499	485	14	499	485	14	2,9%
Húsdýragarður	103	86	17	158	143	15	111	96	16	166	152	14	9,4%
Hitt húsið	36	18	18	186	184	3	61	66	-5	211	231	-20	-8,7%
Ylströndin	11	4	7	21	16	5	26	25	1	36	37	-1	-1,7%
Síglunes	2	2	0	11	15	-3	9	5	4	18	18	0	1,4%
Gervigrasvellir	0	0	0	0	0	0	43	39	4	43	39	4	10,4%
Yfirstjórn ÍTR	0	0	0	71	68	2	17	22	-5	88	90	-2	-2,2%
Atvinnumál	0	0	0	40	37	3	0	0	0	40	37	3	0,0%
Íþróttahús	18	22	-4	11	13	-2	267	266	2	260	257	3	1,3%
Þjónusta við félög	0	0	0	0	0	0	25	36	-11	25	36	-11	-31,1%
Langtímeikindi	0	0	0	7	19	-12	0	0	0	7	19	-12	-63,9%
Annað	1	1	-1	13	24	-11	77	69	7	89	92	-3	-2,7%
Samtals	1.083	934	149	1.295	1.246	49	4.122	4.094	28	4.333	4.405	-72	-1,6%

Hitt húsið: var 20 m.kr. undir fjárheimildum eða 8,7%. Tekjur Hins Hússins voru 18 m.kr. yfir áætlun, þar af voru 7,5 m.kr. styrkir sem að Hitt húsið hefur aflað til ýmisa verkefna og þá voru tekjur nágranna sveitarfélaganna hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Laun og launatengd gjöld voru 3 m.kr. yfir fjárheimildum og annar rekstrarkostnaður var 5 m.kr. undir fjárheimildum.

Styrkir: voru 67 m.kr. undir fjárheimildum eða 3,3%. Einkum vegna **Húsaleigu- og æfingastyrkja** sem voru 1.389 m.kr. sem var 61 m.kr. undir áætlun, sem skýrist af hliðrun á greiðslum á milli tímabila.

Sundlaugar: Rekstrarniðurstaða vegna sundlauga var um 799 m.kr. sem var 5 m.kr. eða 0,7% innan fjárheimilda. Tekjur sundlauga voru 57 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Mun fleiri borga stakt gjald í Sundhöll og fleiri laugum en gert var ráð fyrir, munar þar miklu um fjölgun ferðamanna. Markviss markaðsáætlun til innlendra og erlendra viðskiptavina er að skila sér í

fjölgun gesta. Gott veður jók einnig aðsókn í laugarnar. Laun og launatengd gjöld voru 632 m.kr. sem var 47 m.kr. yfir fjárheimildum. Skýrist það einkum af háu veikindahlutfalli í tveim sundlaugum. Annar rekstrarkostnaður var 4 m.kr. yfir fjárheimildum.


Skíðasvæðin: voru 11 m.kr. yfir áætlun. Tekjur voru 42 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Þjónustudagar voru mun fleiri s.l. vetur en vanalega og meiri snjór sem skilar sér í auknum tekjum. Laun og launatengd voru 2 m.kr. yfir áætlun. Annar rekstrarkostnaður var 51 m.kr. yfir áætlun sem skýrist að hluta af fleiri þjónustudögum auk þess sem 23,5 m.kr. voru vegna yfirfærðs halla frá fyrra ári, þar af var hlutur Reykjavíkurborgar 56,7% eða 13,3 m.kr.

Frístundarkortið: var 14 m.kr. yfir áætlun eða um 2,9%. Eftir að frístundakortið hækkaði í 50.000 kr. þá hefur notendum fjölgað til muna.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstur sviðsins 72 m.kr. innan fjárheimilda eða 1,6% sem að mestu má rekja til hliðrunar í greiðslum á styrkjum milli tímabila.


1.2 Menningar- og ferðamálasvið



Rekstur MOF (m.kr.)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Tekjur	199	214	-14	-6,7%
Laun og launat. gj.	738	747	-9	-1,2%
Annar rekstrark.	1.950	2.037	-87	-4,3%
Nettó útgjöld	2.489	2.570	-81	-3,2%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Menningar- og ferðamálasviðs fyrir tímabilið janúar til júní 2019 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 2.489 m.kr. sem var 81 m.kr. eða 3,2% undir fjárheimildum tímabilsins.



Tekjur voru 14 m.kr. undir áætlun. **Höfuðborgarstofa** var um 8 m.kr. undir áætlun en hluti af styrkjum frá Ferðamálastofu hafa ekki borist. **Borgarbókasafn** var um 14 m.kr. yfir áætlun vegna úthlutunar styrks úr Barnamenningarsjóði sem ekki var

á áætlun, en 80% af styrknum þ.e. 14 m.kr. var greitt út í júní. Gert er ráð fyrir að þessi upphæð verði nýtt á árinu og er verkefnaundirbúningur kominn vel af stað. **Borgarsögusafn** var undir áætlun um 26 m.kr. þar af var aðgangseyrir og vörusala undir um 13 m.kr., sem að langstærstum hluta má rekja til minni aðsóknar erlendra ferðamanna á Landnámssýningu en áætlað var. Vonast er til að nýlega samþykktar breytingar á gjaldskrá vegna erlendra eldri borgara, sem fá nú ekki lengur frítt inn á söfnin, komi til með að auka tekjur. Styrkir og framlög safnsins voru um 12 m.kr. undir áætlun, en um 8 m.kr. styrkir frá Safnasjóði hafa ekki verið greiddir.

Launakostnaður var 9 m.kr. undir áætlun. **Höfuðborgarstofa** var undir áætlun um 12 m.kr. en ekki hefur verið ráðið í laus stöðugildi þar sem unnið er að endurskoðun ferðamálastefnu borgarinnar en samhliða er verið að endurskipuleggja Höfuðborgarstofu. Stærstur hluti þess sem sparast þar í launakostnaði verður nýttur í sérstakt markaðsátak á sviðinu, sem verður ýtt úr vör seinni hluta ágúst mánaðar.

Annar rekstrarkostnaður var undir fjárheimildum um 87 m.kr. **Listasafn Reykjavíkur** var undir fjárheimildum um 17 m.kr., en rúmlega 9 m.kr. uppgjör vegna viðgerðar á Fyssu verður á haustmánuðum. Sýningardeild var undir fjárheimildum um 6 m.kr. vegna breytinga á sýningadagskrá innan ársins. Fræðslu- og kynningardeildir voru einnig undir fjárheimildum vegna seinkunar á verkefnum. **Borgarsögusafn** var undir fjárheimildum um 28 m.kr. en gæta þarf aðhalds vegna lægri tekna en áætlun gerði ráð fyrir, en að sama skapi hefur orðið seinkun á ýmsum verkefnum m.v. greiðsluáætlun. **Bókmenntaborgin** var undir fjárheimildum um 11 m.kr., en nokkrum verkefnum s.s. vefverkefni, Sleipnisverkefni og alþjóðlegum samstarfsverkefnum hefur seinkað, en þau eiga að klárast á árinu miðað við nýtt tímabil. **Annað** var undir fjárheimildum um 14 m.kr. en þar af var búnaðarliður undir fjárheimildum um 4 m.kr. sem jafnast út þegar líða tekur á árið og miðlæg verkefni sem tengjast meðal annars Tónlistarborg og Safnbúðaverkefni voru seinna á ferð en áætlun gerði ráð fyrir.


Þjónustubættir MOF

Þjónustubættir MOF (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2019	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2019	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2019	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2019	Frávik	%
Yfirstjórn	0	0	0	54	54	0	3	5	-2	57	59	-2	-2,9%
Höfuðborgarstofa	15	23	-8	26	37	-12	25	22	4	36	36	0	0,0%
Borgarbókasafn	40	26	14	321	319	1	202	204	-2	483	498	-15	-3,0%
Listasafn Reykjavíkur	55	52	3	125	118	6	170	187	-17	240	254	-14	-5,5%
Borgarsögusafn	76	101	-26	175	180	-5	170	199	-28	270	277	-8	-2,8%
Bókmenntaborg UNESCO	4	3	1	11	11	0	15	27	-11	22	35	-12	-35,8%
Styrkir og samstarfsamningar	0	0	0	0	0	0	813	825	-12	813	825	-12	-1,5%
Framlög	0	0	0	0	0	0	497	501	-4	497	501	-4	-0,8%
Annað	11	10	1	27	27	0	54	68	-14	71	85	-15	-17,0%
Samtals	199	214	-14	738	747	-9	1.950	2.037	-87	2.489	2.570	-81	-3,2%

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Rekstrarafkoma sviðsins var 81 m.kr. eða 3,2% innan fjárheimilda þrátt fyrir minnkandi tekjur en rekja má ástæður þess að hluta til seinkunar ýmissa verkefna.


1.3 Skóla- og frístundasvið



Rekstur SFS (m.kr.)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Tekjur	2.408	2.317	91	3,9%
Laun og launat. gj.	18.249	17.938	312	1,7%
Annar rekstrark.	10.291	9.789	502	5,1%
Nettó útgjöld	26.133	25.410	723	2,8%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Skóla- og frístundasviðs fyrir tímabilið janúar til júní 2019 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 26.133 m.kr. sem var 723 m.kr. yfir fjárheimildum eða 2,8%.



SFS í heild	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %
Grunnskólar	1.217	1.103	115	10.265	9.772	493	5.786	5.436	351	14.833	14.105	729	5,2%
Leikskólar	773	841	-69	5.538	5.657	-120	3.167	3.025	142	7.932	7.841	91	1,2%
Frístundastarf	351	327	24	1.796	1.851	-55	423	381	41	1.868	1.905	-37	-1,9%
Yfirstjórn SFS	38	16	22	463	477	-13	184	222	-38	610	683	-73	-10,7%
Listaskólar og námsflokkar	29	30	-1	187	181	6	732	725	6	890	876	13	1,5%
Samtals	2.408	2.317	91	18.249	17.938	312	10.291	9.789	502	26.133	25.410	723	2,8%

Launakostnaður umfram fjárheimildir skýrist að hluta til vegna samgöngusamninga sem gjaldfærðir voru á tímabilinu en fjárheimildir koma síðar á árinu að fjárhæð 68,8 m.kr, launabróunartryggingu vegna félagsmanna BSRB og ASÍ að fjárhæð 77,3 m.kr. og vegna kjarasamnings við skólastjóra að fjárhæð 41,7 m.kr. Auk þess sem kostnaður við langtímaveikindi hefur aukist og nam halli 153 m.kr. Þá var halli vegna stuðnings og sérkennslu 192 m.kr.

Frávik í **öðrum rekstrarkostnaði** má að hluta rekja til útgjalda sem fallið hafa til vegna myglu í Fossvogsskóla sem metin er á 49,1 m.kr. Þar sem stærstu liðirnir eru húsaleiga, rútuakstur milli staða og fl. Í leikskólanum Árborg má rekja 5,2 m.kr. til kostnaðar vegna bruna þ.e. þrif, endurnýjun búnaðar og vinnu við að standsetja leikskólann.

Annar rekstrarkostnaður - SFS í heild	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Innri leiga húsnæðis og búnaðar	4.605	4.595	10	0,2%
Einkareknir skólar, uppgjör milli sveitarfélaga	2.962	2.866	96	3,3%
Ýmis kostnaður:				0,0%
Hráefni í mótuneyti og aðkeyptur matur	879	931	-52	-5,5%
Kennsluefni	95	51	43	84,3%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	283	203	80	39,4%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	308	188	120	64,1%
Viðhald og endurnýjun áhaldna og eigna	252	63	189	302,3%
Húsaleiga	141	96	45	46,2%
Aðkeypt vinna	126	59	66	111,3%
Rafmagn, hiti og vatn	205	201	5	2,3%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	435	535	-100	-18,7%
Samtals ýmis kostnaður	2.725	2.328	397	17,1%
Samtals annar rekstrarkostnaður	10.291	9.789	502	5,1%

Grunnskólahluti

Grunnsk.hluti (m.kr.)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Tekjur	1.217	1.103	115	10,4%
Laun og launat. gj.	10.265	9.772	493	5,0%
Annar rekstark.	5.786	5.436	351	6,5%
Nettó útgjöld	14.833	14.105	729	5,2%



Tekjur grunnskólahluta voru 1.217 m.kr. sem var 115 m.kr. yfir áætlun eða 10,4%. Helstu frávik voru að tekjur vegna sölu á máltíðum í grunnskólum voru um 68 m.kr. lægri en áætlað var. Leigutekjur voru 23 m.kr. yfir áætlun. Námsgjöld voru 41 m.kr. umfram áætlun. Fengnir styrkir og önnur framlög voru 125 m.kr. umfram áætlun, sem var að mestu vegna námsleyfa starfsmanna. Kostnaður á móti styrkjum bókast ýmist á laun eða annan rekstrarkostnað. Tekjur frá öðrum sveitarfélögum vegna skólalþjónustu voru 33 m.kr. yfir áætlun.

Launakostnaður grunnskólahluta var 10.265 m.kr. sem var 493 m.kr. eða 5% undir fjárheimildum. Í launakostnaði var áætlað fyrir kostnaðarliðum sem skólastjórnendur hafa val um að ýmist ráða starfsfólk í eða kaupa frá þriðja aðila, til dæmis ræstingar og geta því verið tilfærslur á milli rekstrarliða.

Annar rekstrarkostnaður var 5.436 m.kr. sem var um 351 m.kr. eða 6,5% yfir fjárheimildum.

Áætlun fyrir annan rekstrarkostnað er ekki skipt niður á alla liði og hefur nokkuð stór liður áætlunar verið felldur undir „Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður“. Dreifing áætlunar og frávik gefa því ekki alltaf rétta mynd.

Nettó útgjöld grunnskólahluta SFS voru 14.833 m.kr. sem var 729 m.kr. yfir fjárheimildum eða 5,2%.



Annar rekstrarkostnaður grunnskóla	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Innri leiga húsnæðis og búnaðar	3.569	3.559	11	0,3%
Einkareknir skólar, uppgjör milli sveitarfélaga	637	595	43	7,2%
Ýmis kostnaður:				
Hráefni í mótuneyti og aðkeyptur matur	436	519	-83	-16,1%
Kennsluefni	65	4	61	1411,6%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	264	195	69	35,3%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	125	15	110	755,6%
Viðhald og endurnýjun á halda og eigna	134	29	105	361,8%
Húsaleiga	119	84	35	41,8%
Aðkeypt vinna	76	10	66	654,4%
Raðmagn, hiti og vatn	157	151	6	4,2%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	204	275	-72	-26,1%
Samtals ýmis kostnaður	1.580	1.282	297	23,2%
Samtals annar rekstrarkostnaður	5.786	5.436	351	6,4%

Borgarreknir grunnskólar og tengdir liðir

Kostnaður vegna reksturs borgarrekinna grunnskóla og tengdra liða, að meðtöldum sér- og sameinuðum skólum, var 14.057 m.kr. Fjárheimildir námu 13.322 m.kr. fyrir grunnskóla og tengda liði og var kostnaður því 735 m.kr. yfir fjárheimildum eða 5,5%. Miðlægir liðir og úthlutunarpottar grunnskóla voru samanlagt með 12 m.kr. afgang af fjárheimildum á tímabilinu. Útgjöld vegna einkaskóla voru 6 m.kr. yfir áætlun.

Grunnskólar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %	
Grunnskólar samreknir	123	129	-6	1.422	1.332	90	626	591	34	1.925	1.794	130	7,3%	Halli
Grunnskólar	695	615	81	7.993	7.625	367	3.961	3.744	216	11.258	10.755	503	4,7%	Halli
Sérskólar	12	6	6	743	660	83	143	118	25	874	772	102	13,2%	Halli
Samtals borgarreknir:	830	750	81	10.158	9.618	540	4.729	4.454	276	14.057	13.322	735	5,5%	Halli
Miðlægt og endurúthlutun	387	353	34	107	154	-47	524	455	69	244	256	-12	-4,7%	Afgangur
Einkaskólar							533	527	6	533	527	6	1,1%	Halli
Samtals borgar. og einkar	1.217	1.103	115	10.265	9.772	493	5.786	5.436	351	14.833	14.105	729	5,2%	Halli

Borgarreknir grunnskólar: Halli af rekstri borgarrekinna grunnskóla ásamt sérskólum var 735 m.kr. Á tímabilinu voru 33 grunnskólar af 36 (með sér- og sameinuðum skólum) með hallarekstur en 3 með afgang. Samanlagður halli grunnskólanna 33 var 758 m.kr., samtals nam afgangur þeirra 3 skóla sem voru með afgang 23 m.kr.

Borgarreknir grunnskólar (m.kr.)													
Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostnaður raun	Kostnaður áætlun	Kostnaður frávik	Samtals rekstur	Samtals áætlun	Samtals frávik 2019	Frávik %
Fossvogsskóli	-17	-18	-1	205	199	-7	144	85	-60	333	265	-68	-25,6%
Klettaskóli	-10	-4	6	536	458	-77	91	78	-14	617	532	-85	-16,0%
Melaskóli	-33	-30	3	359	325	-34	148	122	-26	474	418	-56	-13,4%
Ártúnsskóli	-24	-24	-1	222	198	-25	62	57	-5	261	231	-30	-12,8%
Laugalækjarskóli	-13	-15	-2	205	183	-21	107	102	-5	298	271	-28	-10,2%
Seláskóli	-14	-11	3	162	139	-22	93	91	-2	241	220	-21	-9,6%
Klébergsskóli	-16	-14	2	169	153	-16	93	86	-7	245	225	-21	-9,3%
Hagaskóli	-34	-28	5	323	306	-17	152	128	-24	442	405	-36	-9,0%
Norðlingaskóli	-38	-41	-3	415	377	-38	222	216	-6	599	552	-47	-8,6%
Brúarskóli	-2	-2	0	207	202	-5	52	40	-12	257	240	-17	-7,1%
Breiðholtsskóli	-20	-20	1	259	252	-7	145	129	-16	384	361	-23	-6,3%
Seljaskóli	-29	-30	-1	376	352	-24	132	129	-3	479	451	-28	-6,3%
Vættaskóli	-30	-23	6	314	295	-19	196	184	-12	480	455	-25	-5,5%
Háaleitisskóli	-22	-27	-5	363	357	-6	193	176	-16	534	507	-27	-5,4%
Árbæjarskóli	-30	-31	-1	384	365	-19	178	172	-6	532	505	-27	-5,2%
Rimaskóli	-26	-27	-1	313	293	-21	147	147	1	434	413	-21	-5,0%
Ingunnarskóli	-27	-21	7	253	231	-22	127	125	-2	352	336	-17	-5,0%
Dalskóli	-30	-30	0	310	303	-7	114	102	-12	394	375	-19	-5,0%
Austurbæjarskóli	-25	-19	6	284	269	-15	140	131	-10	399	381	-18	-4,8%
Hlíðaskóli	-20	-24	-4	367	351	-16	148	146	-2	495	472	-22	-4,7%
Kelduskóli	-17	-18	-1	243	231	-12	146	142	-4	371	355	-16	-4,6%
Hamraskóli	-16	-7	8	144	139	-5	94	82	-13	223	214	-9	-4,3%
Vesturbæjarskóli	-16	-16	0	208	198	-11	95	95	0	288	276	-12	-4,3%
Fellaskóli	-16	-19	-4	306	301	-5	135	130	-5	426	412	-14	-3,3%
Vogaskóli	-32	-15	17	242	231	-11	157	139	-18	367	355	-12	-3,3%
Réttarholtsskóli	-14	-20	-5	215	210	-5	100	101	1	301	291	-9	-3,2%
Háteigsskóli	-21	-21	0	264	253	-11	93	94	1	336	326	-9	-2,9%
Foldaskóli	-29	-23	6	354	332	-22	146	149	3	471	458	-13	-2,9%
Breiðagerðisskóli	-23	-19	4	236	222	-14	114	115	1	327	318	-9	-2,7%
Húsaskóli	-12	-8	4	125	119	-6	89	86	-2	203	198	-4	-2,2%
Sæmundarskóli	-24	-24	0	282	274	-8	174	173	-1	432	423	-9	-2,1%
Langholtsskóli	-37	-32	5	415	407	-8	178	176	-2	556	551	-5	-0,9%
Grandaskóli	-30	-16	13	212	199	-13	92	91	-1	274	273	-1	-0,3%
Ölduselsskóli	-27	-21	6	293	291	-2	159	161	1	425	430	5	1,1%
Laugarnesskóli	-35	-26	9	302	302	0	140	139	-1	407	415	8	2,0%
Hólabrekkuskóli	-23	-23	0	290	301	10	134	134	0	401	411	10	2,4%
Samtals	-830	-750	81	10.158	9.618	-540	4.729	4.454	-276	14.057	13.322	-735	

Töflunni er raðað þannig að sá skóli sem er í mestum % halla á tímabilinu er efstur en sá skóli sem er með mestan afgang er neðstur.

Miðlægir liðir og úthlutunarpottar helstu þættir skiptast þannig:

Endurúthlutunarpottur, sérkennsla og nýbúakennsla var með afgang sem nam 11 m.kr.

Skólaakstur, sundakstur og akstur með fatlaða nemendur var með 29 m.kr. í halla

Uppgjör milli sveitarfélaga á skólakostnaði þar voru greiðslur til SFS um 45 m.kr. umfram það sem var áætlað.

Einkareknir grunnskólar, kostnaður við einkarekna grunnskóla var 533 m.kr. sem var 6 m.kr. yfir fjárheimildum eða 1,1%. Greiðslur til einkarekinna skóla miðast við útreikning Hagstofu Íslands sem gerður er mánaðarlega.

Leikskólahluti

Leikskólahluti (m.kr.)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Tekjur	773	841	-69	-8,2%
Laun og launat. gj.	5.538	5.657	-120	-2,1%
Annar rekstark.	3.167	3.025	142	4,7%
Nettó útgjöld	7.932	7.841	91	1,2%



Nettó útgjöld leikskólahluta SFS var 7.932 m.kr. sem var 91 m.kr. yfir fjárheimildum eða 1,2%.

Tekjur leikskólahluta voru 733 m.kr. sem var 69 m.kr. undir áætlun eða 8,2%.

Launakostnaður leikskólahluta var 5.538 m.kr. sem var 120 m.kr. undir fjárheimildum eða 2,1%.

Annar rekstrarkostnaður leikskólahluta var 142 m.kr. yfir fjárheimildum eða 4,7%.

Áætlun fyrir annan rekstrarkostnað er ekki skipt niður á alla liði og hefur nokkuð stór liður áætlunar verið felldur undir „Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður“. Dreifing áætlunar og frávik gefa því ekki alltaf rétta mynd.



Annar rekstrarkostnaður leikskóla	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Innri leiga húsnæðis og búnaðar	758	758		0,0%
Einkareknir skólar, uppgjör milli sveitarfélaga	1.676	1.657	19	1,2%
Ýmis kostnaður:				
Hráefni í mótuneyti og aðkeyptur matur	381	341	39	11,5%
Kennsluefni	15	6	8	136,9%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	3	2	1	46,0%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	154	143	10	7,2%
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	63	9	54	601,8%
Húsaleiga				
Aðkeypt vinna	21	2	19	1272,9%
Rafmagn, hiti og vatn	39	42	-3	-6,0%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	57	64	-8	-12,0%
Samtals ýmis kostnaður	733	610	123	20,1%
Samtals annar rekstrarkostnaður	3.166	3.025	142	4,7%

Borgarreknir leikskólar og tengdir liðir:

Á borgarreknunum leikskólum og tengdum liðum var halli að fjárhæð 82 m.kr. eða 1,3%. Heildarútgjöld námu 6.286 m.kr. en fjárheimildir voru 6.205 m.kr.

Leikskólar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %	
Leikskólar	753	722	31	5.519	5.440	79	1.450	1.335	116	6.216	6.053	163	2,7%	Halli
Miðlægt og endurúthlutun	19	120	-100	19	218	-199	71	54	17	71	152	-81	-53,5%	Afgangur
Samtals borgarreknir	773	841	-69	5.538	5.657	-120	1.521	1.389	133	6.286	6.205	82	1,3%	Halli
Einkaskólar							1.426	1.391	35	1.426	1.391	35	2,5%	Halli
Dagforeldrar							219	245	-26	219	245	-26	-10,5%	Afgangur
Samtals einkaskólar og dagf.							1.645	1.636	9	1.645	1.636	9	0,6%	Halli
Samtals	773	841	-69	5.538	5.657	-120	3.167	3.025	142	7.932	7.841	91	1,2%	Halli

Miðlægir liðir og úthlutunarpottar voru 81 m.kr. undir fjárheimildum. Endurúthlutunarpottinum er ætlað að tryggja leikskólum fjármagn í samræmi við fjölda og aldur barna á hverjum tíma, afgangur í þeim potti var 120 m.kr. Undir þennan lið fellur einnig uppgjör á milli sveitarfélaga vegna leikskólagjalda þar eru gjöld umfram tekjur 46 m.kr.

Einkareknir leikskólar: Útgjöld voru 1.426 m.kr. sem var um 35 m.kr. umfram fjárheimildir.

Dagforeldrar: Útgjöld voru 219 m.kr. sem var um 26 m.kr. undir fjárheimildum og stafar af því að færri börn voru í vistun en áætlað var.

Leikskólar með halla voru 50 og samanlagður halli þeirra var 198 m.kr.. Leikskólar með rekstrarafgang voru 9 og nam samanlagður afgangur þeirra 35,6 m.kr.

Borgarreknir leikskólar (m.kr.)													
Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostnaður raun	Kostnaður áætlun	Kostnaður frávik	Samtals raun	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %
Árborg	-8	-8	0	62	55	-7	28	20	-8	82	67	-15	-22,0%
Hólaborg	-7	-7	0	62	53	-9	14	13	-2	70	59	-10	-17,6%
Sunnúás	-14	-14	0	120	104	-16	48	47	0	154	137	-17	-12,1%
Sæborg	-11	-11	0	70	68	-2	21	16	-6	81	72	-8	-11,3%
Hlíð	-15	-15	0	113	104	-9	32	30	-2	130	119	-11	-9,1%
Fífuborg	-11	-10	0	82	75	-7	21	22	1	93	86	-6	-7,5%
Borg	-15	-15	0	124	119	-5	33	29	-4	143	133	-10	-7,3%
Lingheimar	-11	-11	0	83	79	-4	19	17	-2	91	85	-6	-7,0%
Sólborg	-11	-10	1	135	130	-5	25	20	-5	150	140	-10	-6,9%
Álftaborg	-12	-12	0	91	85	-6	30	29	0	108	102	-6	-6,1%
Rauðaborg	-8	-8	0	66	62	-4	12	12	0	70	66	-4	-5,7%
Stakkaborg	-8	-8	0	73	70	-3	18	17	-1	83	79	-4	-5,3%
Vesturborg	-9	-9	0	72	71	-1	15	12	-3	78	74	-4	-4,8%
Holt	-15	-13	3	102	102	0	31	23	-8	117	112	-5	-4,8%
Jörfi	-14	-14	0	92	86	-6	27	28	1	104	100	-5	-4,5%
Brákarborg	-6	-6	0	53	54	1	14	10	-4	60	58	-3	-4,4%
Græna borg	-11	-10	0	66	63	-2	22	21	-1	77	74	-3	-4,4%
Kvistaborg	-10	-10	0	62	62	0	17	14	-3	69	66	-3	-4,4%
Heiðarborg	-12	-11	2	88	85	-4	20	18	-2	96	92	-4	-4,2%
Engjaborg	-9	-9	0	66	64	-2	22	21	-1	79	76	-3	-4,1%
Seljakot	-8	-8	0	70	68	-3	19	18	-1	81	78	-3	-4,0%
Sunnufold	-19	-18	1	149	143	-6	37	36	-1	167	161	-6	-3,9%
Rofaborg	-14	-13	0	107	104	-3	30	28	-2	123	119	-5	-3,9%
Nóaborg	-13	-11	2	80	75	-5	23	22	-1	90	86	-3	-3,8%
Brekuborg	-10	-9	1	72	68	-4	15	16	0	77	74	-3	-3,7%
Jöklaborg	-14	-14	0	93	90	-3	23	23	0	102	99	-3	-3,5%
Bakkaborg	-15	-15	0	115	111	-4	26	26	-1	126	122	-4	-3,4%
Ösp	-8	-7	1	63	63	0	16	13	-3	70	68	-2	-3,3%
Tjörn	-10	-10	0	94	92	-2	21	20	-1	105	102	-3	-3,2%
Seljaborg	-8	-8	0	57	55	-2	11	11	0	60	58	-2	-3,0%
Garðaborg	-7	-7	0	46	47	1	13	10	-3	52	51	-1	-2,9%
Reynisholt	-13	-12	1	83	81	-2	20	19	-1	90	88	-2	-2,4%
Laugasól	-21	-21	0	159	158	-1	42	39	-3	180	176	-4	-2,3%
Múlaborg	-11	-11	1	112	109	-4	23	23	0	124	121	-3	-2,2%

Borgarreknir leikskólar framhald:

Borgarreknir leikskólar (m.kr.)													
Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostnaður raun	Kostnaður áætlun	Kostnaður frávik	Samtals raun	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %
Austurborg	-13	-13	0	101	103	2	26	22	-5	114	112	-2	-2,0%
Hulduheimar	-11	-11	0	77	76	-1	23	22	-1	89	87	-2	-2,0%
Gullborg	-11	-11	0	81	82	1	20	17	-3	90	88	-2	-1,9%
Geislabaugur	-15	-15	0	106	105	0	28	26	-2	118	116	-2	-1,9%
Steinahlíð	-8	-6	1	46	47	1	23	20	-3	62	61	-1	-1,5%
Maríuborg	-14	-14	0	99	99	-1	20	19	-1	105	104	-1	-1,4%
Klambrar	-8	-8	0	63	66	4	19	15	-4	74	73	-1	-1,2%
Laufskálar	-13	-13	0	90	90	0	18	17	-1	95	94	-1	-1,2%
Bjartahlíð	-16	-16	0	119	120	1	31	29	-2	134	133	-1	-1,0%
Langholt	-25	-24	1	163	163	0	40	37	-3	178	176	-1	-0,8%
Blásalir	-9	-9	0	66	67	1	17	16	-1	74	73	0	-0,7%
Hof	-18	-18	0	107	108	1	25	23	-2	114	113	-1	-0,5%
Ægisborg	-12	-12	0	90	90	0	15	15	0	94	93	0	-0,5%
Miðborg	-16	-15	1	134	133	-1	30	29	-1	148	147	0	-0,3%
Rauðhóll	-29	-26	3	201	201	0	59	56	-3	232	231	-1	-0,3%
Grandaborg	-11	-10	1	77	77	0	25	25	0	92	92	0	-0,1%
Klettaborg	-10	-10	0	77	78	1	22	21	0	89	89	1	0,9%
Vinagerði	-9	-9	0	61	62	1	26	26	0	79	80	1	1,1%
Suðurborg	-16	-16	1	123	131	8	35	28	-7	141	143	2	1,1%
Hálsaskógur	-19	-18	0	128	129	1	27	28	1	136	139	2	1,8%
Furuskógur	-17	-17	0	116	121	4	28	26	-2	128	130	3	1,9%
Nes (Hamrar)	-19	-19	0	135	146	11	36	31	-5	152	158	6	3,7%
Hagaborg	-16	-13	2	88	92	5	25	23	-2	96	102	5	5,3%
Hraunborg	-9	-9	0	73	80	7	19	18	-1	83	88	6	6,2%
Drafnarsteinn	-21	-15	6	113	119	5	25	24	-1	116	127	11	8,4%
Samtals	-753	-722	31	5.519	5.440	-79	1.450	1.335	-116	6.216	6.053	-163	

Töflunni er raðað þannig að sá skóli sem er í mestum % halla á tímabilinu er efstur en sá skóli sem er með mestan afgang er neðstur.

Frístundahluti


Frístundahluti (m.kr.)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Tekjur	351	327	24	7,3%
Laun og launat. gj.	1.796	1.851	-55	-2,9%
Annar rekstark.	423	381	41	10,9%
Nettó útgjöld	1.868	1.905	-37	-1,9%

Tekjur voru 351 m.kr. sem var um 24 m.kr. yfir áætlun eða 7,3%.

Laun og launatengd gjöld voru 1.796 m.kr. sem var 55 m.kr. eða 4,1% undir fjárheimildum.

Annar rekstrarkostnaður var 423 m.kr. sem var um 41 m.kr. eða 10,6% yfir fjárheimildum.

Nettó útgjöld frístundahluta SFS voru 1.868 m.kr. sem var 37 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins eða 1,9%.



Annar rekstrarkostnaður frístundamiðstöðva	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Innri leiga húsnæðis og búnaðar	159	163	-4	-2,4%
Einkareknir skólar, uppgjör milli sveitarfélaga	32		32	
Ýmis kostnaður:				
Hráefni í mótuneyti og aðkeyptur matur	57	66	-9	-13,8%
Kennsluefni	11	36	-25	-69,5%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	15	5	10	180,0%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	29	29		-1,4%
Viðhald og endurnýjun á halda og eigna	41	13	28	208,4%
Húsaleiga	18	12	6	47,0%
Aðkeypt vinna	-7	1	-9	-592,6%
Rafmagn, hiti og vatn	9	8	1	11,8%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	60	47	13	26,6%
Samtals ýmis kostnaður	232	219	14	6,3%
Samtals annar rekstrarkostnaður	423	381	41	10,9%

Frístundastarf	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %	
Miðlægt og endurúthlutun	-1		-1	6	40	-34	20	25	-5	26	64	-38	-58,8%	Afgangur
Sértækar félagsmiðstöðvar	5	8	-3	90	109	-19	26	23	4	111	124	-13	-10,2%	Afgangur
Frístundamiðstöðvar	347	319	28	1.700	1.702	-1	377	334	43	1.731	1.717	13	0,8%	Halli
Samtals	351	327	24	1.796	1.851	-55	423	381	41	1.868	1.905	-37	-1,9%	Afgangur

Frístundastarf (m.kr.)													
	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostnaður raun	Kostnaður áætlun	Kostnaður frávik	Samtals raun	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %
Sértækar félagsmiðst.	5	8	-3	90	109	-19	26	23	4	111	124	-13	-10,2%
Ársel	34	32	1	199	199	0	51	51	1	216	217	-1	-0,4%
Miðberg	39	38	1	235	258	-23	67	62	5	263	282	-19	-6,6%
Tjörn	73	74	0	363	353	10	84	74	10	373	353	20	5,6%
Gufunesbær	52	46	6	262	267	-5	42	37	5	252	258	-6	-2,4%
Kringlumýri	149	128	20	642	625	18	132	110	22	626	607	19	3,1%
Samtals	351	326	25	1.790	1.811	-20	403	357	46	1.842	1.841	1	
Miðlæg verkefni	-1	0	-1	6	40	-34	20	25	-5	26	64	-38	-58,8%
Samtals frístundastarf	351	327	24	1.796	1.851	-55	423	381	41	1.868	1.905	-37	-1,9%

Frístundamiðstöðvar að meðtöldum sértækum félagsmiðstöðvum voru rekin með 1 m.kr. halla og miðlægir liðir með 38 m.kr. afgangi, samtals var afgangur 37 m.kr.

Yfirstjórn og miðlægir liðir


SFS Yfirstjórn (m.kr.)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Tekjur	38	16	22	138,7%
Laun og launat. gj.	463	477	-13	-2,8%
Annar rekstark.	184	222	-38	-17,0%
Nettó útgjöld	610	683	-73	-10,7%

Yfirstjórn SFS og miðlægir liðir: Útgjöld voru 610 m.kr. sem voru 73 m.kr. undir fjárheimildum eða 10,7%, sem skiptist þannig:

Skrifstofur SFS: Útgjöld voru 494 m.kr. sem var 38 m.kr. undir fjárheimildum eða 7%. Tekjur sem koma fram eru vegna styrkja og námskeiðahalds, útgjöld á móti styrkjum eru ekki komin til gjalda.

Skóla- og frístundaráð: Útgjöld voru 1 m.kr. umfram fjárheimildir.

Miðlægir liðir/styrkir SFS: Útgjöld voru 96 m.kr. sem var 36 m.kr. undir fjárheimildum eða 27%, útgreiðsla á styrkjum fellur til með óreglulegum hætti á árinu.



Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar

SFS Listaskólar (m.kr.)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Tekjur	29	30	-1	-2,3%
Laun og launat. gj.	187	181	6	3,5%
Annar rekstark.	732	725	6	0,9%
Nettó útgjöld	890	876	13	1,5%

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar: Útgjöld voru samtals 890 m.kr. eða um 13 m.kr. umfram fjárheimildir eða 1,5% á tímabilinu, sem skiptist þannig:

Tónlistarskólar: Útgjöld voru um 607 m.kr. eða 5 m.kr. undir fjárheimildum. Framlög til tónlistarskóla vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfærleik sem **Reykjavíkurborg ber kostnaðinn af námu 471 m.kr.** og framlög til tónlistarskóla frá **Jöfnunarsjóði námu 136 m.kr.**

Skólahljómsveitir ásamt tónlistarskóla Kjalarness: Útgjöld voru 174 m.kr. sem var 26 m.kr. yfir fjárheimildum fjárheimildum, sem kemur til að mestu vegna langtímaveikinda.

Skólahljómsveitir og tónlistarskóli Kjalarness													
Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostnaður r raun	Kostnaður áætlun	Kostnaður frávik	Samtals raun	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts	-1	-2	-1	33	34	1	7	2	-5	39	34	-5	-14,5%
Skólahljómsveit Grafarvogs	-2	-2	-1	33	35	2	5	2	-3	36	34	-1	-4,2%
Skólahljómsveit Vesturbæjar	-2	-2	-1	46	36	-10	3	2	-1	47	35	-12	-32,9%
Skólahljómsveit Austurbæjar	-1	-2	-2	41	35	-6	3	2	-1	43	35	-8	-24,2%
Tónlistarskóli Kjalarness	0	0	0	9	9	0	0	0	0	9	9	0	-0,7%
Samtals	-6	-10	-4	162	149	-13	18	8	-10	174	147	-26	

Námsflokkar, myndlistarskólinn og framhaldsskólar: Útgjöld voru 109 m.kr., sem var 2 m.kr. undir fjárheimildum. Námsflokkar Reykjavíkur voru 3,3 m.kr. undir fjárheimildum, framlög til framhaldsskóla voru 0,1 m.kr. undir fjárheimildum og framlög til Myndlistarskólans í Reykjavík voru 2 m.kr. umfram áætlun.

Langtímaforföll

Útgjöld vegna langtímaveikinda námu alls um 459 m.kr. í grunnskólum, leikskólum og frístund. Fjárheimildir vegna langtímaveikinda eru vistaðar í miðlægum potti í upphafi árs og fá starfstöðvar úthlutað út honum til að mæta kostnaði við veikindi starfsmanna sem fara umfram einn mánuð. Gjaldfærð langtímaforföll í grunnskólum og leikskólum voru samtals 153 m.kr. umfram fjárheimildir á tímabilinu.

Langtímaforföll (m.kr.)	Gjaldfærður kostnaður	Áætlun	Frávik
Grunnskólar	244	153	-91
Leikskólar	204	138	-65
Frístundamiðstöðvar	11	15	3
Samtals	459	306	-153

Stuðningur og sérkennsla

Útgjöld vegna stuðnings og sérkennslu námu alls 2.221 m.kr. sem var 192 m.kr. yfir fjárheimildum. Grunnskólar og leikskólar hafa hafa gjaldfært 192 m.kr. umfram úthlutun, en hjá frístund er miðað við að kostnaður sé í samræmi við úthlutun.

Borgarstofnanir fá úthlutað til stuðnings og sérkennslu að hluta til beint samkvæmt úthlutunarlíkani og að hluta til mánaðarlega í samræmi við þjónustuþyngd sem áætlað er fyrir í miðlægum pottum. Fjárheimild sem er úthlutað samkvæmt úthlutunarlíkani er nefnd *almennur stuðningur* en fjárheimild sem kemur úr miðlægum pottum er nefnd *sértækur stuðningur*. Einkareknar stofnanir fá greitt skv. þjónustuþyngd.

Úthlutun úr miðlægum pottum miðast við það fjármagn sem til staðar er í pottinum og reynist þjónustuþyngd meiri en fjárheimildir, getur það myndað halla á starfsstöðum.

Stuðningur og sérkennsla (m.kr.)	Gjaldfærður kostnaður	Áætlun	Frávik
Grunnskólar	1.302	1.212	-91
Leikskólar	592	491	-101
Frístundamiðstöðvar	327	327	0
Samtals	2.221	2.029	-192


Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Heildaráætlun sviðsins um ráðstöfum ramma til einstakra stofnana endurspeglar ekki áætlanir stofnana um ráðstöfun fjárheimilda. Brýnt er að laga þetta.
- Miðað við fyrirbyggjandi gögn sviðsins getur Fjármála- og áhættustýringarsvið ekki rakið hvaða þjónusta er veitt varðandi sérkennslu og stuðning og hvað hún kostar hjá einstökum stofnunum sviðsins heldur einungis hvernig fjárheimildum er dreift út frá reglum sviðsins um sérkennslu og stuðning. Mikilvægt er að bæta skráningu á veittri sérkennslu og stuðningi hjá stofnunum sviðsins og þörfum stofnana fyrir fjármagn samkvæmt greiningu til að unnt sé að meta hvort fjárþörf sé fyrir hendi. Þess skal getið að Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur í samstarfi við Skóla- og frístundasvið nýverið sett af stað vinnu við rýningu á meðhöndlun fjárheimilda í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Verkefnið felur í sér að tekið verði til rýningar aðferðafræði og reiknilíkan fyrir úthlutun á fjárheimildum fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar, þar með talið úthlutun á fjármagni til stuðnings og sérkennslu.
- Varðandi ferðaþjónustu fatlaðra nemenda eru skýrar vísbendingar um að Reykjavíkurborg beri of þungan hluta af kostnaði við akstursþjónustu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem er í skoðun.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Grunnskólahluti sviðsins var 729 m.kr. yfir fjárheimildum eða 5,2%. Á tímabilinu voru 33 borgarreknið grunnskólar af 36 með samtals 758 m.kr. í halla, 31 grunnskóli voru með 2% halla eða meira. Mikilvægt er að sviðið fari í rýningu á því með stjórnendum skólanna hvað veldur þessum halla sem er verður ekki nema að hluta til rakinn til langtímaveikinda og sérkennslu þegar tekið hefur verið tillit til viðauka vegna samgöngusamninga, launaþróunartryggingar og kjarasamninga skólastjórna.
- Kostnaður vegna langtímaveikinda er talsvert umfram fjárheimildir. Mikilvægt er að finna leiðir til að takast á við mikil útgjöld vegna langtímaveikinda í samvinnu við nýtt mannauðs- og starfsþróunarsvið.


1.4 Umhverfis- og skipulagssvið



Rekstur USK (m.kr.)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Tekjur	1.934	1.757	177	10,1%
Laun og launat. gj.	1.236	1.247	-11	-0,9%
Annar rekstrark.	4.333	4.239	94	2,2%
Nettó útgjöld	3.635	3.728	-94	-2,5%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs fyrir tímabilið janúar til júní 2019 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 3.635 m.kr. eða 94 m.kr. undir fjárheimildum ársins eða um 2,5%.



*USK tók við rekstri bílastæðasjóðs á árinu 2017

Þjónustupættir USK

Málaflokkar USK (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2019	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2019	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2019	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2019	Frávik	%
Skrifstofa sviðstj. og miðlæg þjónusta	132	133	0	236	223	14	260	283	-23	364	373	-9	-2,4%
Skipulagsfulltrúi	20	16	4	96	91	5	48	70	-22	125	145	-20	-14,1%
Samgöngustjóri og borgarhönnun	682	512	171	172	210	-38	247	275	-28	-263	-27	-236	884,4%
Byggingarfulltrúi	89	114	-24	119	116	3	7	29	-22	36	32	5	14,4%
Umvhverfisgæði	905	885	20	470	470	-1	708	696	12	272	281	-9	-3,3%
Heilbrigðiseftirlit	103	97	7	130	123	7	20	26	-6	47	53	-5	-10,3%
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	0	0	0	0	0	0	415	513	-98	415	513	-98	-19,1%
Rekstur og umhirða borgarlands	2	2	0	13	13	0	2.627	2.347	280	2.639	2.358	280	11,9%
Samtals	1.934	1.757	177	1.236	1.247	-11	4.333	4.239	94	3.635	3.728	-94	-2,5%

Samgöngustjóri og borgarhönnun var 236 m.kr. undir fjárheimildum sem var einkum vegna bílastæðasjóðs sem var 222 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins. Tekjur bílastæðasjóðs voru 168 m.kr. yfir áætlun, laun og launatengd gjöld 46 m.kr. lægri en fjárheimildir og annar rekstrarkostnaður 8 m.kr. lægri en fjárheimildir tímabilsins.


Rekstur og umhirða borgarlandsins var 280 m.kr. yfir fjárheimildum tímabilsins einkum vegna Reksturs gatna og opinna svæða sem var 315 m.kr. yfir fjárheimildum sem skýrist að mestu af vetrarþjónustu sem var 245 m.kr. yfir fjárheimildum, garðyrkja 34 m.kr. yfir fjárheimildum, gatnalýsing 18 m.kr. yfir fjárheimildum og ýmislegt 12 m.kr. yfir fjárheimildum tímabilsins. Hreinsun borgarlandsins var 11 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins. Þá var leiga gatna 32 m.kr. undir fjárheimildum einkum vegna verðbótapáttar leigunnar. Gert er ráð fyrir að Rekstur og umhirða borgarlandsins verði á áætlun í lok ársins fyrir utan vetrarþjónustu og leigu gatna.

Framkvæmdir og viðhald mannvirkja var 98 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins einkum vegna Viðhald gatna og opinna svæða. Viðhald vega var 27 m.kr. undir fjárheimildum, önnur svæði voru 33 m.kr. undir fjárheimildum, gönguleiðir voru 25 m.kr. undir fjárheimildum og umferðarljós voru 10 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins. Á móti var gatnalýsing 17 m.kr. yfir fjárheimildum tímabilsins. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir og viðhald mannvirkja verði á áætlun í árslok.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Vetrarþjónustan var 245 m.kr. yfir fjárheimildum.
- Rekstur bílastæðasjóðs skilaði 222 m.kr. umfram áætlun.


1.5 Velferðarsvið



Rekstur VEL (m.kr.)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Tekjur	2.299	2.252	47	2,1%
Laun og launat. gj.	9.003	8.515	488	5,7%
Annar rekstrark.	5.277	5.758	-482	-8,4%
Nettó útgjöld	11.981	12.021	-40	-0,3%

Myndin hér til hliðar og taflan fyrir neðan sýnir niðurstöðu í rekstri Velferðarsviðs fyrir tímabilið janúar til júní 2019 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins án bundinna liða þ.e. fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raunniðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins í heild voru 13.732 m.kr. sem var 29 m.kr. innan fjárheimilda.



Reglubundinn rekstur sviðsins án bundinna liða var 11.981 m.kr. sem var 40 m.kr. innan fjárheimilda. Stærstu frávikin voru vegna vistunarþjónustu **barna með þroska- og geðraskanir** var um 219 m.kr. umfram fjárheimildir en framlag úr Jöfnunarsjóði er ekki nægilegt til að sinna þessari þjónustu. **Vistgreiðslur Barnaverndar** voru 148 m.kr. umfram fjárheimildir. **Hjúkrunarheimilið Seljahlíð** var um 37 m.kr. umfram fjárheimildir, daggjöld heimilisins duga ekki fyrir rekstrinum. Búsetuúrræði voru 287 m.kr. innan fjárheimilda og skýrist það af nýjum heimilum sem ekki eru komin í rekstur. Einnig voru **skammtímavistanir** 130 m.kr. innan fjárheimilda þar sem verkefnið sem fjármagnið átti að fara í hefur ekki farið af stað.

Þjónustubættir Velferðarsviðs

Þjónustubættir VEL (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2019	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2019	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2019	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2019	Frávik	%
Skrifstofur, nefndir og ráð	8	1	7	1.674	1.631	42	445	415	30	2.110	2.045	65	3,2%
Samningar, framlög og styrkir	39	72	-33	0	0	0	1.947	1.762	185	1.909	1.690	218	12,9%
Búsetuúrræði	35	29	6	3.392	3.064	328	308	917	-609	3.665	3.952	-287	-7,3%
Félagsmiðstöðvar	68	68	0	205	202	3	255	231	23	392	366	27	7,2%
Dagþjónusta	88	93	-5	226	228	-2	76	86	-10	213	220	-7	-3,3%
Heimþjónusta	69	76	-7	920	906	15	196	205	-10	1.047	1.035	13	1,2%
Heimahjúkrun	779	805	-26	662	591	71	95	212	-117	-22	-2	-20	968,6%
Hjúkrunarheimili	675	590	85	657	609	48	234	172	62	216	192	24	12,5%
Þjónustubúðir	52	67	-15	268	262	6	76	84	-8	292	279	13	4,7%
Skammtímavistun, stuðnings- fjölskyldur, stuðningsþjónusta og frekari liðveisla	0	0	0	703	694	10	362	480	-118	1.065	1.174	-109	-9,3%
Framleiðslueldhús	130	131	-1	103	81	22	117	104	13	90	54	36	66,9%
Unglingasmíða og Stuðningsheimili	4	1	3	30	25	4	15	15	0	40	39	1	3,7%
Virkniverkefni	0	0	0	47	60	-13	11	9	2	58	69	-11	-16,3%
NPA	0	0	0	0	0	0	275	311	-37	275	311	-37	-11,8%
Úrræði Barnavernd	2	0	2	11	11	0	364	214	149	373	225	148	65,6%
Hælsileitendur	318	301	17	59	46	12	258	256	2	-2	1	-2	-304,1%
Önnur Verkefni	31	18	13	46	105	-59	245	284	-39	260	371	-111	-29,9%
Samtals	2.299	2.252	47	9.003	8.515	488	5.277	5.758	-482	11.981	12.021	-40	-0,3%

Helstu frávik

Skrifstofur, nefndir og ráð voru 65 m.kr. umfram fjárheimildir en eftir er að millifæra frá SFS fyrir hegðunarráðgjafa og talmeinafræðinga að fjárhæð um 55 m.kr. Skrifstofa Barnaverndar Reykjavíkur var 8,5 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist af langtímaveikindum, aðkeyptri sérfræðiþjónustu s.s. túlkþjónustu, lögræði- og sálfræðiþjónustu.

Samningar, framlög og styrkir voru 218 m.kr. umfram fjárheimildir eða 13% sem rekja má til vistunarþjónustu barna með þroska- og geðraskanir sem var 219 m.kr umfram fjárheimildir. Verið er að endurskoða alla samninga. Tekjur að fjárhæð 63 m.kr. vegna dagþjónustu frá öðrum sveitafélögum munu verða bókaðar á júlí mánuð.

Búsetuúrræði voru 287 m.kr. innan fjárheimilda eða 7% sem skýrist að stórum hluta af verkefnum sem ekki eru hafin eða um 395 m.kr. Tekjur vegna búsetuúrræða voru 6 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Launakostnaður var 328 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist m.a. af kostnaði vegna Öryggisvistunar eða 122 m.kr. sem ríkið greiðir að stærstum hluta síðar á árinu. Íbúðakjarni Rangárseli var 40 m.kr. umfram fjárheimildir og Þorláksgæisli var 38 m.kr. umfram fjárheimildir en þessir staðir eru ekki að fullu fjármagnaðir. Áætlun annars rekstrarkostnaðar var 609 m.kr. innan fjárheimilda sem vegur upp á móti launakostnaði og rekja má til verkefna sem ekki hafa farið af stað.

Heimabjónusta og Heimahjúkrun voru um 7 m.kr. innan fjárheimilda eða 1%. Endurhæfingarverkefni í Vesturbyggð er að hefjast en gert var ráð fyrir starfsemi allt árið.

Hjúkrunarheimili voru 24 m.kr. umfram fjárheimildir eða 13%. Rekstur Droplaugarstaða var 37 m.kr. innan fjárheimilda eða 8%. Hjúkrunarheimilið Seljahlíð var 37 m.kr. umfram fjárheimildir eða 121%. Hjúkrunarheimilið Seljahlíð er óhagstæð rekstrareining þar sem þar eru einungis 20 hjúkrunarrými og daggjöld frá ríkinu duga ekki fyrir rekstrinum.

Þjónustuíbúðir voru 13 m.kr. umfram fjárheimildir eða um 13% sem rekja má til launabreytinga en áætlun verður leiðrétt til samræmis fyrir næsta uppgjör.

Skammtíamavistun, stuðningsfjölskyldur og frekari liðveisla voru 109 m.kr. innan fjárheimilda eða 9%. Helsta skýring á þessu fráviki eða 130 m.kr. má rekja til verkefnis sem ekki hefur hafist. Laun og launatengd gjöld voru 10 m.kr. umfram fjárheimildir en annar rekstrarkostnaður var 118 m.kr. innan fjárheimilda. Skammtíamavistanir sviðsins voru um 4 m.kr. umfram fjárheimildir

Framleiðslueldhús var 36 m.kr. eða 67% umfram fjárheimildir sem skýrist að hluta vegna langtímaveikinda sem á eftir að bæta og einnig var annar rekstrarkostnaður 13 m.kr. yfir fjárheimildum vegna hráefniskaupa.

Úrræði Barnaverndar var í heild 148 m.kr. eða 66% umfram fjárheimildir. Frávik skýrist af vistgjöldum sem voru 150 m.kr. umfram fjárheimildir en börn sem fara í vistun eru með fjölbættari vanda en áður og úrræðin dýrari af þeim sökum. Barnalífeyrir er greiddur til vistforeldra barna eða þeim sem sjá um framfærslu þeirra að fullu. Vegna vistunar er greitt margfeldi af barnalífeyri TR, en mat á fjölda greiðslna fer eftir reglugerð nr. 858/2013 og viðmiðunarreglum Barnaverndar Reykjavíkur. Frá árinu 2010 hefur meðalfjöldi greiddra lífeyriseininga til vistforeldra með hverju barni hækkað úr 3,2 í 4,5 eða um 40% og útgjöld fyrir sama tímabil hafa hækkað um 95% á föstu verðlagi. Á sama tímabili hefur barnalífeyrir Tryggingastofnunar hækkað um 46%. Þá hefur fækkun úrræða hjá Barnaverndarstofu, sem barnaverndarnefndir höfðu aðgang að áður án endurgjalds mikil áhrif á þróun vistkostnaðar.

Önnur verkefni voru 111 m.kr. innan fjárheimilda.

Málefni fatlaðs fólks

Málefni fatlaðs fólks (m.kr.)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Tekjur	68	84	-16	-18,9%
Laun og launat. gj.	3.652	3.448	204	5,9%
Annar rekstrark.	1.986	2.567	-580	-22,6%
Nettó útgjöld	5.570	5.930	-361	-6,1%

Nettó útgjöld velferðarsviðs í málefnum fatlaðs fólks voru 5.570 m.kr. sem var 361 m.kr. innan fjárheimilda eða um 6,1%. Tekjur voru 68 m.kr. sem voru um 16 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir en kröfur að fjárhæð um 63 m.kr. vegna dagþjónustu munu bókast á júlí mánuð. Launakostnaður var 3.652 m.kr. sem var 204 m.kr. umfram fjárheimildir eða 5,9%.

Annar rekstrarkostnaður var 1.986 m.kr. sem var 580 m.kr. innan fjárheimilda eða 22,6% sem skýrist af verkefnum sem ekki eru hafin að fjárhæð 395 m.kr.

Útgjöld velferðarsviðs að tekjum undanskildum í málefnum fatlaðs fólks voru 5.638 m.kr. og námu 39% af heildarútgjöldum sviðsins án bundinna liða.

Meðalveikindahlutfall velferðarsviðs í heild fyrir tímabilið var 8,0% en var 7,7% á síðasta ári.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða var 40 m.kr. undir fjárheimildum eða 0,3%. Ef rekstrarniðurstaðan er leiðrétt fyrir þeim liðum sem taldir eru upp í skýringum sviðsins (-285 m.kr.) s.s. vegna verkefna sem ekki eru hafin og ókominna tekna og fjárheimilda sem koma til síðar á árinu, s.s. vegna launaþróunartyggingar og lífeyrisaukaframlags, samgöngusamninga ofl. (167 m.kr.) væru nettó útgjöld 78 m.kr. yfir fjárheimildum.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Halli á rekstri málaflokks vegna fatlaðs fólks nam 2.330 m.kr. eða 65% af tekjum vegna málaflokksins. Er þá samantekin þjónusta Velferðarsviðs við fatlaða á grundvelli yfirfærslunnar, þjónusta Velferðarsviðs vegna notendastýrðar persónulegrar aðstoðar, þjónusta Skóla- og frístundasviðs vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna og þjónusta Íþrótt- og tómstundasviðs við fötluð ungmenni á vegum Hins hússins. Sjá nánar í sundurliðun um fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið í viðauka 2 í greinargerð fjármála- og áhættustýringarsviðs með árshlutareikningi Reykjavíkurborgar janúar - júní 2019.
- Á árinu 2018 voru sett lög nr. 38/2018 um fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, þar á meðal um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Lögin fólu í sér auknar kröfur til sveitarfélaga án þess að því fylgdi viðbótarfjármagn, sjá nánar umsögn Reykjavíkurborgar með málinu á vef alþingis: <https://www.althingi.is/altext/erindi/148/148-195.pdf>.
- Hallarekstur hjúkrunarheimila nam 216 m.kr. á fyrri hluta ársins 2019. Daggjöld ríkisins vegna hjúkrunarheimila miða við að ríkið hafi fjármagnað 85% fjárfestingaútgjalda en Reykjavíkurborg fjármagnaði sjálf Droplaugastaði og á því kröfu um leiðréttingu á daggjöldum. Mikilvægt er að tryggja fulla fjármögnun á rekstrinum. Sjá nánar í sundurliðun um fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið í viðauka 2 í greinargerð f fjármála- og áhættustýringarsviðs með árshlutareikningi Reykjavíkurborgar janúar – júní 2019.
- Varðandi ferðaþjónustu fatlaðs fólks eru vísbendingar um að Reykjavíkurborg beri of þungan hluta af kostnaði við akstursþjónustu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem er í skoðun. Samningurinn um þessa þjónustu rennur út á árinu 2019 og í undirbúningi er útboð ferðaþjónustunnar.

1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir

Bundnir liðir VEL (m.kr.)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Annar rekstrark.	1.751	1.740	11	0,6%
Nettó útgjöld	1.751	1.740	11	0,6%

Taflan hér til hliðar sýnir niðurstöðu á bundnum liðum Velferðarsviðs, þ.e. fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings, fyrir tímabilið janúar til júní 2019 í samanburði við áætlun tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld bundinna liða voru 1.751 m.kr. sem var 11 m.kr. eða 0,6% umfram fjárheimildir.

Fjárhagsaðstoð: Kostnaður var 1.260 m.kr. sem var 79 m.kr. eða 6,7% umfram fjárheimildir.

Fjárhagsaðst. (mkr)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Framfærslustyrkur	981	932	49	5,3%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	205	182	23	12,5%
Heimildargreiðslur - Átaksverkefni	59	53	6	11,5%
Heim.gr. 16.gr. A aðstoð v/barna	15	14	1	5,8%
Nettó útgjöld	1.260	1.181	79	6,7%


Notendur fjárhagsaðstoðar (fjöldi)	Fjöldi jan-jún 2019	Fjöldi jan-jún 2018	Frávik	%
Fjárhagsaðstoð alls	2.056	1.965	91	4,6%
Fjárhagsaðstoð 6 mán eða lengur	722	634	88	13,9%
Framfærslustyrkur	1.576	1.479	97	6,6%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	952	908	44	4,8%

Framfærslustyrkur nam 981 m.kr. sem var 49 m.kr. eða 5,3% umfram fjárheimildir. Þegar að tímabilið janúar til júní 2019 er borið saman við sama tímabil árið 2018 þá fjölga notendum í heildina um 6,6% eða 97 notendur.



Heimildargreiðslur voru alls 279 m.kr. sem var 30 m.kr. eða 11,9% umfram fjárheimildir. Fjöldi þeirra sem fengu heimildargreiðslur á tímabilinu janúar til júní 2019 var 952 sem er fjölgun um 4,8% eða 44 notendur miðað við sama tímabil í fyrra.

Sérstakur húsnæðisstuðningur	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Sérst. húsnæðisst. alm. markaður	205	167	39	23,1%
Sérst. húsnæðisst. v/fél. íbúða	286	392	-106	-27,1%
Nettó útgjöld	491	559	-68	-12,1%


Notendur sérstaks húsnæðisst. (fjöldi)	Fjöldi jan-jún 2019	Fjöldi jan-jún 2018	Breyting milli ára	%
Sérstakur húsnæðisstuðningur	1.291	1.062	229	21,6%
Sérstakur húsnæðisstuðn. félagsl. húsn.	1.809	1.857	-48	-2,6%



Taflan hér til hliðar sýnir niðurstöðu á bundnum liðum Velferðarsviðs, þ.e. fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings, fyrir tímabilið janúar til júní 2019 í samanburði við áætlun tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.



Sérstakur húsnæðisstuðningur var 491 m.kr. sem var 68 m.kr. eða 12,1% innan fjárheimilda.



Sérstakur húsnæðisstuðningur á almennum leigumarkaði var 205 m.kr. eða 39 m.kr. umfram fjárheimildir. Mikil aukning notenda á milli ára skýrist af greiðslu sérstakra húsaleigubóta aftur í tímann í samræmi við


dóm Hæstaréttar frá 16. júní 2016 og tillögu borgarstjóra sem samþykkt var á fundi borgarráðs þann 3. maí 2018.

Sérstakur húsnæðisstuðningur í félagslegu húsnæði var 286 m.kr. eða 106 m.kr. innan fjárheimilda sem skýrist einkum af ógjaldfærðri leigu til Félagsbústaða.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Kostnaður við fjárhagsaðstoð var 79 m.kr. yfir áætlun og notendum þjónustunnar fjölgar nú samanborið við sama tímabil árið 2018. Heildarkostnaður við fjárhagsaðstoð var 1.260 m.kr. á fyrstu 6 mánuðum ársins 2019 en 1.059 m.kr. á sama tímabili árið 2018. Kostnaðurinn var því 201 m.kr. hærri í ár eða 19%. Notendum fjölgaði um 91 milli ára. Fjölgun notenda á fjárhagsaðstoð er sterk vísbending um samdrátt í hagkerfinu.


1.6 Miðlæg stjórnsýsla



Rekstur RHS (m.kr.)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Tekjur	586	585	1	0,2%
Laun og launat. gj.	1.669	1.675	-6	-0,4%
Annar rekstrark.	1.264	1.277	-14	-1,1%
Nettó útgjöld	2.346	2.367	-21	-0,9%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá skrifstofum Ráðhúss fyrir tímabilið janúar til júní 2019 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 2.346 m.kr. eða 21 m.kr. innan fjárheimilda.



Tekjur voru 586 m.kr. eða samkvæmt áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 1.669 m.kr. eða 6 m.kr. innan fjárheimilda.

Annar rekstrarkostnaður var 1.264 m.kr., sem var 14 m.kr. innan fjárheimilda.

Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu

Málaflokkar RHS (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2019	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2019	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2019	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2019	Frávik	%
Borgarlögmaður	1	1	0	60	60	0	5	11	-6	64	69	-5	-7,9%
Innri endurskoðun	4	19	-15	63	61	3	5	11	-6	64	53	11	21,4%
Fjármálaskrifstofa	20	15	5	468	463	4	104	108	-5	551	556	-5	-0,9%
Mannréttindaskrifstofa	4	13	-8	85	87	-2	31	51	-20	111	125	-14	-10,8%
Skrifst.borgarstjóra og borgarritara	33	29	4	303	308	-4	139	138	1	409	417	-8	-1,9%
Skrifstofa borgarstjórnar	0	0	0	185	168	17	47	52	-5	232	221	11	5,2%
Umboðsmaður borgarbúa	0	0	0	19	20	-1	2	1	1	21	20	0	1,4%
Skrifstofa þjónustu og rekstrar	524	508	16	486	508	-22	931	905	26	893	905	-12	-1,3%
Samtals	586	585	1	1.669	1.675	-6	1.264	1.277	-14	2.346	2.367	-21	-0,9%

Borgarlögmaður var 5 m.kr. innan fjárheimilda m.a. vegna þess að aðkeypt þjónusta var undir áætlun.

Innri endurskoðun var 11 m.kr. yfir fjárheimildum.

Fjármálaskrifstofa var 5 m.kr. innan fjárheimilda.

Mannréttindaskrifstofa var 14 m.kr. innan fjárheimilda vegna þess að ekki náðist að vinna öll verkefni sem voru áætluð.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara var 8 m.kr. innan fjárheimilda.


Skrifstofa borgarstjórnar var 11 m.kr. yfir fjárheimildum vegna vegna fjölgun borgarfulltrúa.

Skrifstofa þjónustu og rekstrar var 12 m.kr. yfir fjárheimildum

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstur miðlægrar stjórnsýslu var 21 m.kr. innan fjárheimilda vegna fráviks í gjöldum.
- Nettó útgjöld miðlægrar stjórnsýslu aukast talsvert á milli ára sem skýrist að stórum hluta af kerfisbreytingu vegna innheimtu á upplýsingatækniþjónustu þar sem innri gjaldskrá var einfölduð og lækkuð gagnvart fagsviðum.


1.7 Sameiginlegur kostnaður



Rekstur ÖNN (m.kr.)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Tekjur	1	0	1	n/a
Laun og launatengd gjöld	237	814	-577	-70,9%
Breyting lífeyriskb.	2.350	1.875	475	25,3%
Annar rekstrark.	888	1.310	-422	-32,2%
Nettó útgjöld	3.474	3.998	-524	-13,1%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu á öðrum útgjöldum fyrir tímabilið janúar til júní 2019 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 3.474 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 3.998 m.kr. sem var 524 m.kr. eða 13% innan fjárheimilda tímabilsins.



Tekjur voru 1 m.kr. yfir áætlun.

Laun voru 557 m.kr. innan fjárheimilda vegna launa og starfsmannakostnaðar sem eftir er að deila út á fagsviðin t.d.

vegna launaþróunartryggingar, samgöngusamninga og lífeyrisaukaframlags ofl.

Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar v. LsRb nam 2.350 m.kr. sem var 475 m.kr. yfir áætlun eða 25%.

Annar kostnaður var 422 m.kr. innan fjárheimilda.

Málaflokkar hjá sameiginlegum kostnaði

Málaflokkar ÖNN (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2019	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2019	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2019	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2019	Frávik	%
Styrkir og ýmis framlög	0	0	0	0	0	0	242	285	-43	242	285	-43	-15,1%
Atvinnumál	0	0	0	31	13	18	5	8	-3	36	20	16	78,6%
Rekstur miðlægra tölvukerfa	0	0	0	0	0	0	63	65	-2	63	65	-2	-3,8%
Innheimtukostnaður skatttekna	0	0	0	0	0	0	191	243	-52	191	243	-52	-21,3%
Starfsmannakostnaður	0	0	0	6	596	-590	67	72	-5	73	668	-595	-89,1%
Kosningar	0	0	0	0	0	0	1	1	0	2	1	1	n/a
Ýmis kostnaður	1	0	1	8	9	-1	319	636	-317	326	645	-319	-49,5%
Gjaldfærsla vegna Brúar Ísj.	0	0	0	192	196	-4	0	0	0	192	196	-4	-1,9%
Breyting á lífeyrisskuldbindingu LsRb.	0	0	0	2.350	1.875	475	0	0	0	2.350	1.875	475	25,3%
Samtals	1	0	1	2.587	2.689	-102	888	1.310	-422	3.474	3.998	-524	-13,1%

Styrkir og ýmis framlög voru 43 m.kr. innan fjárheimilda, þar af var afsláttur fasteignagjalda til elli- og öorkulífeyrisþega 27 m.kr. innan fjárheimilda.


Atvinnumál voru 16 m.kr. yfir fjárheimildum þar sem greiðslur frá Vinnumálastofnun hafa ekki borist.

Innheimtukostnaður skatttekna var 52 m.kr. innan fjárheimilda.

Starfsmannakostnaður var 595 m.kr. innan fjárheimilda. Þar af voru slysabætur 5 m.kr. undir fjárheimildum og 590 m.kr. vegna launa og starfsmannakostnaðar sem búið er að taka frá fyrir á móti launabreytingum.

Ýmis kostnaður var 319 m.kr. undir áætlun þar á meðal var ófyrirséð 290 m.kr. undir áætlun og annað í ýmsum kostnaði var 29 m.kr. undir áætlun.

1.8 Framlög til B-hluta fyrirtækja



Framlög (m.kr.)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Strætó	1.164	1.171	-6	-0,5%
Slökkvilið hbsv.	462	467	-5	-1,1%
Nettó útgjöld	1.626	1.638	-12	-0,7%



Framlög til B-hluta fyrirtækja námu 1.626 m.kr. og voru 12 m.kr. innan fjárheimilda.

Strætó: Framlag til Strætó var 1.164 m.kr. eða 6 m.kr. innan fjárheimilda. Þar af var framlag til nemaverkefnis 84 m.kr. eða rúmum 14 m.kr. yfir fjárheimildum.


Reglubundið framlag var 25 m.kr. innan fjárheimilda.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins: Framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var 462 m.kr. eða 5 m.kr. innan fjárheimilda.

Myndin hér til hliðar sýnir framlög til B-hluta fyrirtækja fyrir tímabilið janúar til júní 2019 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.




2. Eignasjóður



Rekstur Eignasjóðs (í m.kr.)	Raun 2019_06	Áætlun	Frávik	%	Raun 2018_06	Breyting	%
Leigutekjur	10.158	10.175	-17	-0,2%	9.296	862	9,3%
Sala byggingaréttar	1.092	1.650	-558	-33,8%	3.699	-2.606	-70,5%
Sala fastafjármuna	16	97	-80	-83,2%	46	-30	-65,1%
Aðrar tekjur	2.183	1.963	220	11,2%	2.017	166	8,2%
Rekstrartekjur samtals	13.450	13.884	-435	-3,1%	15.058	-1.609	-10,7%
Laun og launatengd gjöld	-957	-993	36	-3,6%	-908	-49	5,4%
Annar rekstrarkostnaður	-5.512	-5.382	-130	2,4%	-5.078	-434	8,5%
Afskriftir	-2.638	-2.575	-62	2,4%	-2.455	-183	7,4%
Rekstrargjöld samtals	-9.107	-8.950	-157	1,7%	-8.441	-666	7,9%
Fjármagnsliðir	-3.182	-3.139	-43	1,4%	-2.643	-540	20,4%
EBITDA	6.981	7.510	-529	-7,0%	9.073	-2.092	-23,1%
EBIT	4.343	4.934	-591	-12,0%	6.617	-2.274	-34,4%
Rekstrarniðurstaða	1.161	1.795	-634	-35,3%	3.975	-2.814	-70,8%

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 1.161 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 1.795 m.kr. og niðurstaðan því 634 m.kr. lakari en áætlað var.

Rekstrartekjur voru 13.450 m.kr. eða 435 m.kr. undir áætlun. **Leigutekjur** voru 10.158 m.kr. eða 17 m.kr. undir áætlun, þar af voru leigutekjur af gatnakerfi 32 m.kr. undir áætlun og önnur innri leiga 16 m.kr. undir áætlun. **Sala byggingarréttar** nam 1.092 m.kr. og var 558 m.kr. undir áætlun. **Sala fastafjármuna** var nam 16 m.kr. og var 80 m.kr. undir áætlun.




Rekstrargjöld námu 9.107 m.kr. eða 157 m.kr. umfram fjárheimildir. **Annar rekstrarkostnaður** var 5.512 m.kr. eða 130 m.kr. umfram fjárheimildir. Þar af var Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar 39 m.kr. innan fjárheimilda og Umhverfis- og skipulagssvið 168 m.kr. umfram fjárheimildir.

Nettó fjármagnsgjöld voru 3.182 m.kr. eða 43 m.kr. umfram áætlun, þar af voru fjármagnstekjur 20 m.kr. yfir áætlun og fjármagnsgjöldin tæpum 63 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir.

Efnahagur

Efnahagur Eignasjóðs (m.kr.)	30.6.2019	31.12.2018	Breyting	%
Fasteignir og lóðir	120.856	118.626	2.230	1,9%
Götur	16.715	15.975	740	4,6%
Áhöld og tæki	4.837	4.890	-53	-1,1%
Leigugeignir	5.488	5.791	-303	-5,2%
Langtímakröfur	4.137	4.494	-357	-8,0%
Veltufjármunir án handb.fjár	18.114	11.192	6.923	61,9%
Handbært fé	1	1	1	88,7%
Eignir samtals	170.149	160.969	9.180	5,7%
Eigið fé	73.838	72.677	1.161	1,6%
Langtímalána	74.378	66.920	7.458	11,1%
Leiguskuldir	10.505	10.706	-201	-1,9%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	5.847	5.705	141	2,5%
Ríkissjóður, fyrirfram innborgað vegna fjárfestinga	1.208	1.650	-442	-26,8%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb. frá Ríkissjóði	4.374	3.312	1.062	32,1%
Skuldir samtals	96.311	88.292	8.019	9,1%
Skuldir og eigið fé samtals	170.149	160.969	9.180	5,7%

Sjóðstreymi



Með nettó fjárfestingu er fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádreginni sölu varanlegra rekstrarfjármuna.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Áhætta vegna lána Eignasjóðs tengist fyrst og fremst innlendu verðlagi.
- Tekjur af sölu byggingaréttar 1.092 m.kr. og voru 558 m.kr. undir áætlun.
- Vetrarþjónusta var 245 m.kr. yfir áætlun, bæði tekju- og gjaldamegin.
- Fjárfestingar voru 4.873 m.kr. undir fjárhagsáætlun á tímabilinu þar sem kostnaður vegna framkvæmda fellur til síðar á árinu en áætlun gerir ráð fyrir.
- Innborguð gatnagerðargjöld voru 1.567 m.kr. undir áætlun.

2.1 Fjárfestingar Eignasjóðs

Fjárfestingar á tímabilinu námu 5.859 m.kr. eða um 4.873 m.kr. undir áætlun tímabilsins og námu 54,6% af framkvæmdaáætlun tímabilsins. Tekjur vegna gatnagerðargjalda námu 530 m.kr. eða 1.567 m.kr. undir áætlun. Nettó fjárfesting nam 5.329 m.kr. og reyndist 3.306 m.kr. undir því sem áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.

Fjárfestingar Eignasjóðs (m.kr.)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Fasteignir og stofnbúnaður	3.373	5.406	-2.033	-37,6%
Samgöngumannvirki	1.702	4.262	-2.560	-60,1%
Annað	784	1.064	-280	-26,3%
Samtals fjárfesting - brúttó	5.859	10.733	-4.873	-45,4%
Leigueignir	0	0	0	
Fjárfesting sbr. sjóðstreymi	5.859	10.733	-4.873	-45,4%
Gatnagerðargjöld	-530	-2.097	1.567	-74,7%
Samtals fjárfesting - nettó	5.329	8.635	-3.306	-38,3%


Samgöngumannvirki Kostnaður við gatnaframkvæmdir nam 1.702 m.kr. sem var um 39,9% af áætlun tímabilsins. Tekjur af gatnagerðargjöldum námu 530 m.kr. eða 74,7% undir áætlun tímabilsins.

Áhöld, tæki og nýr hugbúnaður Fjárfestingar námu 475 m.kr. sem er 28,3% undir áætlun tímabilsins.

Lóðir, lönd og skipulagseignir nam 18 m.kr. eða 54,2% undir fjárheimildum.

Endurbætur, meiriháttar viðhald og sérstök átaksverkefni Fjárfestingar námu 291 m.kr. sem er um 19,6% undir áætlun tímabilsins.

2.2 Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar (SEA)



SEA (m.kr.)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Tekjur	11.270	11.925	-655	-5,5%
Laun og launat.gj	82	85	-3	-3,4%
Annar rekstrark.	3.153	3.192	-39	-1,2%
Afskriftir	2.638	2.575	62	2,4%
Fjármagnsliðir	-3.182	-3.139	-43	1,4%
Rekstrarniðurstaða	2.214	2.933	-719	-24,5%

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu hjá SEA fyrstu sex mánuði ársins 2019 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða SEA var jákvæð um 2.214 m.kr.

en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 2.933 m.kr. Rekstrarniðurstaðan var því 719 m.kr. lakari en áætlað var.

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 5.396 m.kr. eða 676 m.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir sem skýrist af því að tekjur voru 655 m.kr. undir áætlun auk þess sem annar rekstrarkostnaður var 39 m.kr. undir fjárheimildum.

Tekjur voru 11.270 m.kr. eða 655 m.kr. undir áætlun og jafngildir það -5,5 % frávik

Leigutekjur voru 10.158 m.kr. eða 17 m.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir. Leigutekjur af gatnakerfi voru 32 m.kr. undir áætlun en önnur innri leiga var 16 m.kr. umfram áætlun. Á móti kemur að ytri leiga fasteigna 31 m.kr. yfir áætlun.

Aðrar tekjur voru 1.112 m.kr. eða 638 m.kr. undir áætlun tímabilsins. Hagnaður af sölu fastafjármunar var 94 m.kr. undir áætlun og tekjur af sölu byggingarréttar voru 558 m.kr. undir áætlun tímabilsins. Heildaráætlun ársins gerir ráð fyrir öðrum tekjum sem nemur 3.882 m.kr.

Laun og launatengd gjöld námu 82 m.kr. sem er 3 m.kr. undir fjárheimildum eða sem jafngildir -3,4% frávik.


Annar rekstrarkostnaður var 3.153 m.kr. eða 39 m.kr.

undir fjárheimildum sem jafngildir -1,2 % frávik. Þar af var kostnaður vegna sölu byggingarréttar 47 m.kr. undir áætlun og helst það í hendur við tekjur af sölu byggingarréttar sem voru undir áætlun. Þá var kostnaður vegna fasteigna- og fráveitugjalda 25 m.kr. undir áætlun en á móti kemur að kostnaður vegna framleigueigna var 36 m.kr. umfram áætlun.

Afskriftir voru 2.638 m.kr. eða 62 m.kr. umfram það sem áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.

Fjármagnsliðir Fjármagnsgjöld að frádregnum fjármunatekjum námu 3.182 m.kr. og voru 43 m.kr. umfram það sem áætlun gerði ráð fyrir sem jafngildir 1,4 % frávik.

2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)



USK (m.kr.)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Tekjur	2.180	1.960	220	11,2%
Laun og launat. gj.	875	907	-33	-3,6%
Annar rekstrark.	2.358	2.190	168	7,7%
Rekstrarniðurstaða	-1.053	-1.138	-85	-7,4%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði fyrir tímabilið janúar til júní 2019 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða Umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði var neikvæð um 1.053 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri afkomu upp á 1.138 m.kr. Rekstrarniðurstaðan var því 85 m.kr. betri en áætlun gerði ráð fyrir eða um 7,4%.

Tekjur voru 2.180 m.kr. eða 220 m.kr. yfir áætlun sem jafngildir 11,2%. Tekjur vegna **reksturs gatna og opinna svæða** voru 330 m.kr. yfir áætlun, þar af voru 315 m.kr. (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði) einkum vegna vetrarþjónustu. Tekjur af **viðhaldi gatna og opinna svæða** voru 98 m.kr. undir áætlun (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði). Tekjur af **útseldri þjónustu** voru 10 m.kr. lægri en áætlað var á tímabilinu.

Laun og launatengd gjöld voru 875 m.kr. sem var 33 m.kr. undir fjárheimildum eða um 3,6%. **Skrifstofa Framkvæmda og viðhalds** var 19 m.kr. undir fjárheimildum og **Hverfastöð Jafnaseli** var 18 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins. **Garðyrkja Jafnaseli** var 11 m.kr. yfir fjárheimildum tímabilsins.

Annar rekstrarkostnaður var 2.358 m.kr. og reyndist 168 m.kr. yfir fjárheimildum eða um 7,7%. **Rekstur gatna og opinna svæða** var 330 m.kr. yfir fjárheimildum og **Viðhald gatna og opinna svæða** var 98 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins. **Viðhald fasteigna** var 96 m.kr. undir fjárheimildum, **Ferlimál fatlaðs fólks** var 19 m.kr. undir fjárheimildum en **færanlegar kennslustofur** voru 17 m.kr. yfir fjárheimildum tímabilsins.

Málaflokkar USK ES (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2019	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2019	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2019	Frávik	Rekstrarniðurstaða	Áætlun 2019	Frávik	%
Rekstur deilda	256	257	-2	875	907	-33	-619	-650	31	0	0	0	N/A
Viðhald fasteigna	0	0	0	0	0	0	997	1.093	-96	997	1.093	-96	-8,8%
Ferlimál fatlaðra	0	0	0	0	0	0	13	31	-19	13	31	-19	-59,5%
Færanlegar kennslustofur	0	0	0	0	0	0	31	14	17	31	14	17	127,7%
Útseld þjónusta	78	88	-10	0	0	0	90	87	3	13	0	13	N/A
Rekstur gatna og opinna svæða	1.419	1.089	330	0	0	0	1.419	1.089	330	0	0	0	N/A
Viðhald gatna og opinna svæða	427	526	-98	0	0	0	427	526	-98	0	0	0	N/A
Samtals:	2.180	1.960	220	875	907	-33	2.358	2.190	168	1.053	1.138	-85	-7,4%


Viðhald fasteigna var 96 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins. Viðhald menningarmála var 12 m.kr. undir fjárheimildum, viðhald grunnskóla 16 m.kr. undir fjárheimildum, viðhald íþróttamannvirkja 28 m.kr. undir fjárheimildum, og viðhald leikskóla var 38 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins. Á móti var viðhald velferðamála 12 m.kr. yfir fjárheimildum. Gert er ráð fyrir að viðhald fasteigna verði á áætlun í árslok.

Rekstur gatna og opinna svæða var 315 m.kr. yfir fjárheimildum tímabilsins, sem skýrist mest að vetrarþjónustu sem var 245 m.kr. yfir fjárheimildum, garðyrkja var 34 m.kr. yfir, gatnalýsing var 18 m.kr. yfir og ýmislegt 12 m.kr. yfir fjárheimildum tímabilsins. Á móti var hreinsun borgarlandsins 11 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins. Gert er ráð fyrir að rekstur gatna og opinna svæða verði á áætlun í lok árs fyrir utan vetrarþjónustu.

Viðhald gatna og opinna svæða var 98 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins, viðhald vega var 27 m.kr. undir, önnur svæði voru 33 m.kr. undir, gönguleiðir voru 25 m.kr. undir og umferðarljós voru 10 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins. Á móti var gatnalýsing 17 m.kr. yfir fjárheimildum tímabilsins. Gert er ráð fyrir að viðhald gatna og opinna svæða verði á áætlun í árslok.

Útseld þjónusta: Tekjur af útseldri þjónustu námu 78 m.kr. sem var 10 m.kr. undir áætlun eða um 11%. Kostnaður við útselda þjónustu var 90 m.kr. eða 3 m.kr. yfir fjárheimildum eða um 3,4%.

4. Greining vöru- og þjónustuinnkaupa A-hluta



Innkaupagreining Innkaup á vörum og þjónustu A-hluta sem samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði.

Innkaupagreiningu er ætlað að veita yfirsýn á einfaldan hátt hvernig innkaupum borgarinnar á vörum og þjónustu er háttað og sjá þróun innkaupa í þessum flokkum hjá borginni á milli ára. Innkaupagreining varpar ljósi á þau tækifæri sem liggja í miðlægum innkaupum, auk þess að meta áhrif af miðlægum innkaupasamningum. Þá er hægt að sjá hversu mikið af **rekstrarfé** borgarinnar fer í aðföng og þjónustu. Allar tölur í innkaupagreiningunni eru sett fram á **verðlagi hvors árs** í m.kr.

Myndin sýnir heildarveltu sjóðanna sem standa fyrir A-hluta og þá flokka sem vega mest í heildarinnkaupum A-hluta. Styrkir og leigugjöld

eru ekki hluti af innkaupagreiningu, né verkfrákvæmdir og eignfærðar fjárfestingar.

Vísitala neysluverðs á tímabilinu hækkaði úr 463,9 stigum í 469,8 stig eða um 1,27% á tímabilinu desember 2018 til júní 2019.

Innkaupadeild hefur gert **rammasamninga** um alla helstu vöruflokka sem tengjast almennum innkaupum á vörum og þjónustu þvert á svið. Vöruverð í rammasamningum á að gefa heildinni kost á góðum kjörum hvort sem eining er lítil eða stór. Að ákveðnum forsendum uppfylltum er heimilt að beita svokölluðum örútbóðum innan rammasamninga og hefur þeirri aðferð verið beitt við innkaup á matvælum og vörum tengdum upplýsingatækni. Öll örútbóðin hafa skilað umtalsvert betri kjörum heldur en lægstbjóðandi bauð í sjálfu rammasamningsútbóðinu. Helstu ástæður þess er skipulagning innkaupa, stærðarhagkvæmni og lækkun viðskiptakostnaðar.

Á töflunum hér til hliðar má sjá **heildarumfang** innkaupanna brotið niður á hvorn sjóð fyrir sig. Heildarhækkun útgjalda í **Aðalsjóði** vegna vöru- og þjónustukaupa nam rúmum 2% milli tímabila. Í Aðalsjóði hefur þjónustukostnaður hækkað mest eða um rúmlega 10% á milli tímabila, þar vó þyngst innkaup á matvælum ásamt akstri og vélaleigu.

Útgjöld **Eignasjóðs** vegna vöru- og þjónustukaupa hækkuðu um tæplega 5% milli tímabila.

A-hluti	2019 jan-jún	2018 jan-jún	Breyting
Þjónustukostnaður	5.939	5.490	8%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	4.911	5.266	-7%
Húsnæðiskostnaður	4.059	3.690	10%
Samtals	14.908	14.446	3%

Aðalsjóður	2019 jan-jún	2018 jan-jún	Breyting
Þjónustukostnaður	5.269	4.780	10%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3.132	3.485	-10%
Húsnæðiskostnaður	1.308	1.222	7%
Samtals	9.709	9.488	2%

Eignasjóður	2019 jan-jún	2018 jan-jún	Breyting
Þjónustukostnaður	670	709	-6%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.779	1.781	0%
Húsnæðiskostnaður	2.751	2.468	11%
Samtals	5.199	4.958	5%

A- hluti Þjónustukostnaður	2019 jan-jún	2018 jan-jún	Breyting
Akstur/vélaleiga	783	707	11%
Annar kostnaður	27	37	-25%
Bækur og kennslufni	123	116	6%
Vörukaups vegna þjónustu	45	35	26%
Matvæli	1.264	1.176	8%
Milliviðskipti verkþókhald	256	239	7%
Tryggingar og tjón	133	204	-35%
Vörukaup- endursala, leiga/umboðssala	88	78	13%
Millifærslur	3.220	2.897	11%
Samtals	5.939	5.490	8%

Á meðfylgjandi töflu má sjá **þjónustukostnað** (kjarnastarfsemi) A-hluta brotinn niður svo hægt sé að gera sér grein fyrir breytingum á milli ára. Undir flokknum þjónustukostnaður falla þættir sem búið er að flokka sem beinan kostnað við veitingu þjónustu borgarinnar. Samanlögð heildarhækkun á flokknum þjónustukostnaður er rúmlega 8%.

Í töflu skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar er A-hlutinn brotinn niður til að hægt sé að gera sér grein fyrir breytingum á milli ára. Flokkurinn dregur saman þá þætti sem eru tengdir upplýsingatækni, stoðþjónustu kynningu og rekstri. Heildarlækkun nemur tæplega 7%.

A-hluti Húsnæðiskostnaður	2019 jan-jún	2018 jan-jún	Breyting
Sorphirða og ræsting	725	672	8%
Rekstur húsnæðis	3.050	2.838	7%
Sameiginlegur rekstur	185	122	52%
Viðhald og framkvæmdir	99	58	69%
Samtals	4.059	3.690	10%

Taflan hér að ofan sýnir kostnað A-hluta sem fellur til vegna reksturs **húsnæðis** en þar nam heildarhækkun tæplega 10%.

A-hluti Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	2019 jan-jún	2018 jan-jún	Breyting
Annar kostnaður	36	19	95%
Auglýsingar og kynningarkostnaður	120	132	-9%
Áhöld og rekstrarvörur	553	617	-10%
Innheimtukostnaður	250	231	8%
Ferðir og ráðstefnur	216	197	9%
Fjarskiptakostnaður	150	140	7%
Opinber gjöld	177	86	105%
Prentkostnaður	47	58	-19%
Risna, gjafir og verðlaun	19	19	2%
Sameiginlegur kostnaður	452	739	-39%
Sérfræðiþjónusta/Aðkeypt vinna	1.907	2.143	-11%
Starfsmannkostnaður	151	164	-8%
Tölvur og upplýsingatækni	833	721	16%
Samtals	4.911	5.266	-7%

Framgangur aðgerðaáætlunar innkaupadeildar

Bætt skipulag innkaupa og samræming þeirra / Bætt upplýsingagjöf til stjórnenda / Aukin nýting upplýsingatækni

- Áhersla hefur verið lögð á að birta sundurliðaðar upplýsingar um fjármál á vefsíðu Reykjavíkurborgar, „**Opin fjármál**“ og hafa upplýsingar verið aðgengilegar frá nóvember 2016. Opin fjármál auðvelda öllum áhugasömum aðgang að upplýsingum um það í hvað fjármunum er varið. Þetta verkefni er í þróun.
- Möguleikar þess að rafrænir reikningar innifeli vörflokkunarstaðalinn **UNSPSC** sem myndi bæta verulega við upplýsingar um innkaup hafa verið skoðaðir. Umbætur á þessu sviði eru í undirbúningi.
- Upplýsingar um hvar möguleikar eru til samræmingar innkaupa heilt yfir eru ekki aðgengilegar á einfaldan hátt. Samræming getur helst átt sér stað þegar innkaupin eru **einsleit** eins og í almennum rekstrarvörum og þjónustu sem flestir nota. Um þess háttar innkaup gerir innkaupadeild rannsóknir í samstarfi við stærstu kaupendur í hverjum flokki. **Örútbóð** sem hægt er að framkvæma innan samninga eru hvati til samræmingar sem hefur verið nýttur í vaxandi mæli. Innkaup sviða fara fram eftir innkaupareglum og viðmiðunarfjárhæðir ákvarða hvort farið verði í formlegt ferli með ákveðin innkaup. Skipulag innkaupa undir þessum viðmiðunarmörkum á hverju sviði er því ólíkt og ræðst af ýmsum þáttum starfseminnar og uppbyggingu þjónustunnar sem sviðið veitir.
- Innkaupaskrifstofa leggur til að tekin verði upp **samningsstjórnunareining** fjárhagskerfis Reykjavíkurborgar. Öll formleg innkaupferli fá samningsnúmer sem myndi fylgja verkefninu til enda og allir reikningar sem bærast innihéldu samningsnúmer verkefnisins annars væri þeim hafnað. Einnig er mögulegt að koma t.d. beinum samningum sem falla ekki undir innkaupareglurnar inn í kerfið til að auka yfirsýn.
- Innkaupaskrifstofa hefur lagt áherslu á aukna notkun upplýsingatækni og um mitt ár 2015 var tekið í notkun útboðskerfið EU Supply. Reynslutími þess rann út haustið 2017 og nýtt kerfi, **InTend** var tekið í notkun. Mikil þróun hefur átt sér stað í útboðskerfum á stuttum tíma. Öll útboð, örútbóð sem og aðrir innkaupferlar yfir viðmiðunarmörkum hafa farið fram í útboðskerfinu og gengið vel. Í gegnum útboðskerfið geta væntanlegir bjóðendur nálgast gögn og sent inn tilboð með rafrænum hætti. Útboðskerfinu er ætlað að lækka umsýslukostnað, auka öryggi og styðja vistvænar áherslur

Reykjavíkurborgar. Lagaskylda hvílir á opinberum aðilum að nota útboðskerfi, innkaupadeild mun vinna tillögu á árinu um næstu skref varðandi núverandi kerfi og framtíðarsýn.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Innkaup eru á ábyrgð hvers sviðs fyrir sig og ákvörðunarvald um samræmingu innkaupa er hjá sviðsstjórum. Hlutverk innkaupadeildar er að finna tækifærin og kynna möguleikana.
- Innkaup hafa veruleg áhrif á skilvirkni í rekstri og fjárhagslega afkomu og samræmd innkaup geta aukið skilvirkni í innkaupum.
- Skilgreining innkaupa strax í upphafi þarfagreiningar hefur mikil áhrif á kostnað en skipulagðir innkaupaferlar skila besta mögulega verði hverju sinni.

5. Lykiltölur mannaúðs

Hér að neðan má sjá lykiltölur mannaúðs skipt eftir sviðum. Tölur sem birtar eru snúa að fjölda stöðugilda, fjölda yfirvinnustunda, fjölda vinnustunda með vaktálagi og ekinna kílómetra.

Við útreikning stöðugilda er miðað við greidd stöðugildi í útborgun á tímabilinu 1. janúar til 30. júní árin 2018 og 2019. Undanskilin eru stöðugildi starfsmanna í fæðingarorlofi þar sem ekki fellur til kostnaður vegna þeirra.

A-hluti

Lykiltölur um mannaúð - A-hluti	201800-201806			201900-201906			Br. frá f. ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	1.776	5.437	7.214	1.887	5.558	7.445	→ 3,2%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	271.249	489.806	761.055	288.021	536.761	824.783	↔ 8,4%
Fjöldi vinnust. með vaktálagi á tímab.	244.665	418.824	663.489	262.970	423.001	685.971	→ 3,4%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	171.148	486.443	657.591	184.568	491.608	676.176	→ 2,8%
Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu	673	2.314	2.987	543	2.043	2.586	↓ -13,4%

Sundurliðun einstök svið

Íþrótt- og tómstundasvið	201800-201806			201900-201906			Br. frá f. ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	143	125	268	146	120	265	→ -1,1%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	46.515	35.797	82.312	45.449	37.698	83.147	→ 1,0%
Fjöldi vinnust. með vaktálagi á tímab.	29.605	28.380	57.985	30.484	26.412	56.896	→ -1,9%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	7.004	8.266	15.270	18.314	4.100	22.414	↑ 46,8%
Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu	38	43	81	35	36	71	↓ -12,3%

Menningar- og ferðamálasvið	201800-201806			201900-201906			Br. frá f. ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	39	125	164	37	122	158	→ -3,7%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	4.998	12.609	17.607	5.106	12.871	17.977	→ 2,1%
Fjöldi vinnust. með vaktálagi á tímab.	2.781	6.174	8.955	2.386	4.978	7.364	↓ -17,8%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	3.568	13.271	16.838	2.256	7.528	9.784	↓ -41,9%
Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu	17	53	70	17	58	75	↔ 7,1%

Skóla- og frístundasvið	201800-201806			201900-201906			Br. frá f. ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	795	3.580	4.375	869	3.634	4.503	→ 2,9%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	60.517	188.335	248.852	65.626	199.257	264.882	↔ 6,4%
Fjöldi vinnust. með vaktálagi á tímab.	21.100	32.030	53.131	26.158	37.093	63.251	↑ 19,0%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	36.595	66.251	102.846	36.808	62.777	99.585	→ -3,2%
Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu	385	1.810	2.195	292	1.566	1.858	↓ -15,4%

Velferðarsvið	201800-201806			201900-201906			Br. frá f. ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	392	1.313	1.705	423	1.354	1.777	→ 4,2%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	85.578	213.344	298.922	99.966	242.567	342.533	↑ 14,6%
Fjöldi vinnust. með vaktálagi á tímab.	170.886	350.880	521.767	182.497	353.382	535.879	→ 2,7%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	62.421	383.568	445.989	62.160	405.643	467.803	→ 4,9%
Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu	140	324	464	114	301	415	↓ -10,6%

	201800-201806			201900-201906				
Miðlæg stjórnýsla	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári	
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	93	163	256	98	181	279	↔	9,0%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	16.467	23.243	39.711	16.792	25.322	42.114	↔	6,1%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímab.	7.870	604	8.474	7.972	357	8.329	→	-1,7%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	24.444	4.961	29.405	32.635	2.893	35.528	↑	20,8%
Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu	35	50	85	30	47	77	↘	-9,4%

	201800-201806			201900-201906				
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári	
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	6	7	13	6	7	13	↔	0,0%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	947	1.383	2.330	1.253	1.512	2.765	↑	18,7%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímab.	0	0	0	0	0	0		n/a
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	1.382	6.355	7.737	2.287	4.987	7.274	↘	-6,0%
Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu	2	1	3	1	1	2	↓	-33,3%

	201800-201806			201900-201906				
Umhverfis- og skipulagssvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári	
Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal	309	124	433	309	140	449	↔	3,7%
Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu	56.226	15.095	71.320	53.830	17.534	71.364	↔	0,1%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímab.	12.422	756	13.178	13.472	779	14.251	↔	8,1%
Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.)	35.735	3.770	39.505	30.108	3.680	33.789	↓	-14,5%
Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu	56	33	89	54	34	88	↔	-1,1%

6. Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun

Innleiðing kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) hjá Reykjavíkurborg byggir á lögum um **jafna stöðu og jafnan rétt** kvenna og karla nr. 10/2008, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum. Markmiðið er að **sambætta** fjármála- og mannréttindastefnu borgarinnar og stuðla þannig að auknu jafnrétti. Stefnir er að betri og réttlátari nýtingu fjármuna með tilliti til **ólíkra þarfa** borgarbúa.

Unnið er að innleiðingu KFS á öllum fagsviðum og skrifstofum borgarinnar. Hluti af þeirri vinnu er **greining á þjónustupáttum**. Í greiningunni eru þjónustupættir borgarinnar kortlagðir með tilliti til þess hvort halli á annað kynið eða einhvern þeirra hópa sem mannréttindastefnan tekur, þetta snýr bæði að öflun fjármagns og ráðstöfun þess. Greiningarnar eiga að leiða í ljós hvort aðgerða sé þörf og sé svo til hvaða aðgerða eigi að grípa. Niðurstaðan er notuð sem grundvöllur fjárhagsáætlunar eða endurskoðunar hennar. Öll fagsvið vinna greiningarvinnu á árinu skv. tillögu stýrihóps KFS sem samþykkt var í borgarráði í janúar 2019.

Vert er að nefna að lokið var við greiningu á þjónustu **fjölskyldu- og húsdýragarðsins** á íþrótt- og tómstundasviði fyrr á árinu. Gefur sú greining til kynna að ástæða sé til þess að endurskoða gjaldskrár garðsins til þess að gæta samræmis í því hverjir teljist börn og greiða aðgangseyri samkvæmt því. Auk þess er lagt til að gagnagrunnur árskorta í garðinn sé tekinn til endurskoðunar þannig að fylgjast megi betur með hvernig árkortin eru að nýtast gestum.

Það margsýnir sig, við greiningu þjónustupátta með aðferðafræði KFS, að öflun og **skráning kyngreindra gagna** er ábótavant. Þetta þarf að laga en skv. lögum um jafnan rétt kvenna og karla nr.10/2008 er það skylda sveitarfélagsins að kyngreina tölfræðigögn nema sérstakar ástæður mæli gegn því.

Annað meginverkefni innleiðingar KFS er **jafnréttisskimun- og mat** á öllum nýjum breytingartillögum sem varða fjárhagsáætlun. Nýtt eyðublað vegna jafnréttisskimunar, FMS-EBL-029, og leiðbeiningar vegna gerð jafnréttismats, FMS-LBE-156 voru tekin í notkun í júlí 2018. Með jafnréttisskimun eru metin með einföldum hætti áhrif tillögu/verkefnis á jafnrétti kynjanna og/eða á jaðarsettra hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun.

Í byrjun árs 2019 var unnin jafnréttisskimun fyrir öll ný verkefni og breytingartillögur vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2020. Jafnréttisskimunin er greiningartæki sem á að auðvelda stjórnendum og kjörnum fulltrúum að forgangsraða ráðstöfun fjármuna með það markmið að stuðla að jafnrétti.

Með kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun er lögð áhersla á að **skipting fjármagns** hefur áhrif á líf fólks og þarf að endurspegla þá forgangs röðun sem stjórn borgarinnar hefur markað.

7. Innheimtuárangur Aðalsjóðs

Fjárhæðir í þús.kr.

Taflan hér neðan að sýnir fjárhæðir í þús. kr.

	30.6.2018		30.6.2019	
	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð
Mál í löginneimtu	993	220.080	872	209.078
Kröfur í milliinneimtu	9.664	288.648	9.294	348.356
Samtals	10.657	508.728	10.166	557.434

Innheimtuhlutföll 2014-2019

Taflan hér að neðan sýnir hversu hátt hlutfall krafna innheimtist tímabilið janúar-júní á útgáfuári þeirra.

Útgefnar kröfur 2014-2019 innheimtar á útgáfuári	2014	2015	2016	2017	2018	2019
	30.6.2014	30.6.2015	30.6.2016	30.6.2017	30.6.2018	30.6.2019
Fasteignagjöld	97,84%	94,40%	95,10%	97,17%	97,70%	96,68%
Íþróttá- og tómstundasvið	99,80%	96,50%	93,00%	97,15%	95,19%	95,20%
Skóla- og frístundasvið	94,81%	94,09%	92,72%	97,20%	96,38%	93,65%
Menningar- og ferðamálasvið	92,90%	96,20%	96,20%	95,90%	97,90%	97,20%
Umhverfis- og skipulagssvið RK	93,90%	88,10%	84,90%	90,80%	91,00%	94,90%
Velferðarsvið	60,20%	90,30%	87,23%	98,20%	99,20%	97,60%
Aðrar kröfur	97,10%	95,20%	99,70%	99,80%	100,00%	99,80%

Taflan hér að neðan sýnir hversu hátt hlutfall krafna hvers árs hefur innheimst þann 30.06.2019.

Útgefnar kröfur 2014-2019 innheimtar 2019	2014	2015	2016	2017	2018	2019
	30.6.2014	30.6.2015	30.6.2016	30.6.2017	30.6.2018	30.6.2019
Fasteignagjöld	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	99,81%	96,68%
Íþróttá- og tómstundasvið	100,00%	100,00%	99,99%	99,98%	99,40%	95,20%
Skóla- og frístundasvið	99,90%	99,70%	99,34%	99,17%	99,21%	93,65%
Menningar- og ferðamálasvið	99,90%	100,00%	99,90%	98,50%	99,40%	97,20%
Umhverfis- og skipulagssvið RK	99,95%	99,78%	99,20%	94,70%	90,40%	94,90%
Velferðarsvið	99,88%	99,20%	99,10%	99,30%	99,20%	97,60%
Aðrar kröfur	99,99%	99,00%	99,90%	100,00%	99,90%	99,80%